



Ársskýrsla forsætisráðherra 2021



Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Ársskýrsla forsætisráðherra

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg – 101 Reykjavík
Sími: 545 8400 | for@for.is

Júní 2022

Ábyrgðarmaður: Katrín Jakobsdóttir
Umsjón: Forsætisráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Forsætisráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Ávarp ráðherra | 5 |
| Starfsemi ráðuneytisins | 7 |
| Fréttaannáll 2021 | 8 |
| Ríkisstjórn og ráðherranefndir | 12 |
| Ný ríkisstjórn | 14 |
| Breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins | 15 |
| Hlutverk og uppbygging forsætisráðuneytisins | 16 |
| Tölfræði | 17 |
| Yfirlit yfir þingmál forsætisráðherra | 18 |
| Alþjóðleg samskipti forsætisráðherra | 19 |
| Viðbrögð við heimsfaraldri og náttúruvá | 22 |
| Heimsfaraldur og viðbrögð stjórnvalda | 23 |
| Hamfarir á Seyðisfirði | 24 |
| Eldsumbrot á Reykjanesi | 25 |
| Jafnréttis- og mannréttindamál | 26 |
| Jafnréttis- og mannréttindamál | 27 |
| Mannréttindi | 27 |
| Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni | 27 |
| Kynbundinn launamunur | 28 |
| Málefni hinsegin fólks | 29 |
| Jafnréttismál á alþjóðavettvangi | 29 |
| Ýmislegt | 30 |
| Efnahags-, velsældar- og loftslagsmál | 32 |
| Loftslagsmál | 33 |

| | |
|---|-----------|
| Þjóðhagsráð | 34 |
| Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna | 35 |
| Sjálfbært Ísland | 36 |
| Mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði | 37 |
| Úttekt á reynslunni af starfi nefnda Seðlabanka Íslands | 38 |
| Tekjusagan uppfærð | 39 |
| Vísinda- og tækniráð | 40 |
| Gervigreindarstefna | 41 |
| Upplýsinga- og stjórnsýslumál | 42 |
| Eftirfylgni aðgerða í stjórnarsáttmála | 43 |
| Þjóðlendur | 44 |
| Þjóðaröryggisráð | 45 |
| Upplýsingalög og lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum | 47 |
| Stofnanir | 48 |
| Embætti ríkislögmans | 49 |
| Hagstofa Íslands | 50 |
| Jafnréttisstofa | 51 |
| Óbyggðanefnd | 52 |
| Umboðsmaður barna | 53 |
| Seðlabanki Íslands | 54 |
| Úrskurðanefnd um upplýsingamál | 55 |
| Kærunefnd jafnréttismála | 56 |
| Rekstur og fjárfestingar | 57 |
| Ávinningur af ráðstöfun fjármuna | 64 |

Ávarp ráðherra

Eins og áður ráðast verkefni forsætisráðuneytisins ávallt af því sem þarf að takast á við hverju sinni. Þannig voru verkefni sem tengjast heimsfaraldri COVID-19 áberandi annað árið í röð. Þá lét náttúran á sér kræla síðastliðið vor með jarðskjálftahrinu sem stóð yfir vikum saman og endaði með eldgosi í Fagradalsfjalli á Reykjanesi. Kosið var til Alþingis eins og fyrirsjáanlegt var og ríkisstjórnin hóf annað kjörtímabil sitt í lok nóvember. Í kjölfarið voru gerðar umfangsmiklar breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins sem endurspeglar nýjan stjórnarsáttmála þar sem lögð er áhersla á að mæta hinum stóru áskorunum; þar á meðal loftslagsvánni og tæknibreytingum. Ráðuneytum var fjölgað úr tíu í tólf og verkefni voru færð á milli ráðuneyta til þess að tengja betur saman málaflokka og samræma stefnumótun.

Loftslagsmálin voru í forgrunni á árinu. Í febrúar sendu íslensk stjórnvöld uppfærð markmið um aukinn samdrátt í losun til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og einnig tilkynntum við um aukin framtög okkar til loftslagsmála á næstu árum. Í lok árs tilkynnti ríkisstjórnin svo um sjálfstætt landsmarkmið um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á ábyrgð Íslands fyrir 2030.

Umfangsmikil vinna vegna heimsfaraldursins stóð yfir allt árið í forsætisráðuneytinu. Stöðugt þurfti að leggja mat á breyttar aðstæður í nánú samstarfi ráðuneyta, embættis landlæknis og sóttvarnalæknis, almannavarna og menntakerfisins og brugðist

var við með sóttvarnaráðstöfunum innanlands og á landamærum, sem og aðgerðum til að styðja samfélagið og atvinnulífið. Bólusetningar vegna COVID-19 hófust í desember 2020 og í júní 2021 var staðan í bólusetningum á Íslandi með besta móti í alþjóðlegum samanburði. Sú góða bólusetningarstaða kallaði síðan á endurmat sóttvarnaráðstafana.

Í gegnum faraldurinn reyndi á samhæfingarhlutverk forsætisráðuneytisins og það er ánægjulegt að líta til baka nú þegar við erum komin fyrir vind og sjá að íslenskt stjórnkerfi stóðst raunina.

Jarðhræringar á Reykjanesi kölluðu einnig á samstarf margra ólíkra ráðuneyta en bæði heimsfaraldur og jarðhræringar voru tekin til umræðu á vettvangi þjóðaröryggisráðs ásamt fjöldamörgum öðrum viðfangsefnum.

Fjölmörg önnur verkefni voru unnin í ráðuneytinu á nýliðnu ári. Má þar nefna viðbrögð við skriðuföllum á Seyðisfirði og í Út-Kinn, birtingu nýrra mælikvarða á hagsæld og lífsgæðum, fundi þjóðhagsráðs, nýtt mælaborð aðgerða í samþykktri forvarnaráætlun gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi fyrir börn og unglínga, skipan aðgerðahóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði og móttöku flóttafólks frá Afganistan. Þá varð á árinu frumvarp um brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar,





nr. 42/1987, að lögum á vorþingi. Skriflegar skýrslur til Alþingis voru sjö, skýrsla um innviði og þjóðaröryggi, skýrsla um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum, skýrsla um stefnu Íslands um gervigreind, skýrsla um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi, skýrsla um framkvæmd upplýsingalaga, skýrsla um framkvæmd ályktana Alþingis 2020 og skýrsla um starf Seðlabanka Íslands eftir gildistöku laga nr. 92/2019.

Þegar litið er yfir 2021 er ljóst að viðfangsefnin voru mörg og krefjandi. Ég er stolt af starfsfólki forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins alls og hlakka til að halda áfram að sinna brýnum verkefnum.

Starfsemi ráðuneytisins

Fréttannaáall 2021 (janúar–mars)

12. janúar

Samtökin '78 styrkt um 20 milljónir króna. [Nánar >](#)

13. janúar

Ráðstöfunarfé nýtt í björgunar-bát fyrir Flateyri. [Nánar >](#)

15. janúar

Skimunarskylda á landamærum. [Nánar >](#)

19. janúar

Samkomulag og viljayfirlýsing um kaup á björgunarskipum. [Nánar >](#)



17. febrúar

Tekjusagan uppfærð: Háskólamenntaðar konur með svipaðar tekjur og karlar með grunnmenntun. [Nánar >](#)

16. febrúar

Skýrsla Páls Hreinssonar um að fela dómstólum verkefni kæruneftnda á stjórnsýslustigi. [Nánar >](#)

8. febrúar

Áframhaldandi samstarf við Kvenréttindafélag Íslands og Samtökin '78. [Nánar >](#)

5. febrúar

Undirbúningur hafinn að stofnun Norðurslóðaseturs á Íslandi. [Nánar >](#)

21. janúar

Stærsta úthlutun Rannsóknasjóðs frá upphafi en alls hljóta 82 ný verkefni styrk og heildarupphæð aldrei hærri. [Nánar >](#)

17. febrúar

Líkan um áhrif bólusetningar á áhættustig vegna COVID-19. [Nánar >](#)

19. febrúar


Vel gengur að fylgja eftir úrbótum á innviðum eftir fárviðrið í desember 2019. [Nánar >](#)

23. febrúar

Uppfærð loftslagsmarkmið send Sameinuðu þjóðunum. [Nánar >](#)

5. mars

Forsætisráðherra ræðir jafnréttismál við forsætisráðherra Kanada, Noregs og borgarstjóra London á SHE 2021. [Nánar >](#)



12. mars

Kynjasjónarmið á flestum þeim málefnasviðum sem fjármálaáætlun tekur til kortlögð í stöðuskýrslu sem kynnt var á ríkisstjórnarfundi. [Nánar >](#)

12. mars

Skýrsla um árangursmat mismunandi aðgerða á landamærum. [Nánar >](#)

11. mars

Ríkisstjórnin styrkir verkefnið „Römpum upp Reykjavík“. [Nánar >](#)



8. mars

Forsætisráðherra tók þátt í viðburði UN Women í telfni alþjóðlegs baráttudags kvenna. [Nánar >](#)

12. mars

Mælikvarðar um hagsæld og lífs-gæði birtir á nýjum vef. [Nánar >](#)

18. mars

Forsætisráðherra á 65. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)



18. mars

Ný stefna í almannavarna- og öryggismálum. [Nánar >](#)

23. mars

Framlög til loftslagsaðgerða aukin um milljarð á ári. [Nánar >](#)

Fréttannaáall 2021 (mars–júní)

31. mars

Ísland í efsta sæti Alþjóðafnagshagsráðsins um kynjajafnrétti tólftha árið í röð. [Nánar >](#)

9. apríl

Tillögur að gervigreindarstefnu fyrir Ísland kynntar á ríkisstjórnarfundi. [Nánar >](#)

28. apríl

Ráðherrar heimsækja Carbfix á Hellisheiði. [Nánar >](#)



29. apríl

Ísland í brennidepli loftslagsráðstefnu FP. [Nánar >](#)

14. maí

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni. [Nánar >](#)

13. maí

Harpa fær nýjan flygil og Vindhörpu í 10 ára afmælisgjöf. [Nánar >](#)



7. maí

Verkfærakista fyrir sveitarfélög um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)

30. apríl

Ný úrræði vegna COVID-19. [Nánar >](#)


18. maí

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Anthony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, áttu fund. [Nánar >](#)



20. maí

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fundaði með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands. [Nánar >](#)



28. maí

90 milljónum úthlutað úr Barnamenningarsjóði Íslands. [Nánar >](#)

14. júní

Katrín ávarpaði ráðherrafund Sameinuðu þjóðanna um landgræðslumál. [Nánar >](#)

11. júní

Nýr samráðsvettvangur um jafnréttismál tekur til starfa. [Nánar >](#)



2. júní

500 milljóna viðbótarframlag til COVAX, alþjóðlegs samstarfs sem tryggja á jafnan aðgang að bóluefni. [Nánar >](#)

28. maí

Skýrsla um heildstæða löggjöf og stjórnýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir lögð fram. [Nánar >](#)

18. júní

Forsætisráðherra veitir styrki úr Jafnréttissjóði Íslands. [Nánar >](#)



23. júní

Forsætisráðherra hélt ávarp í tilefni af útgáfu loftslagsvísis atvinnulífsins. [Nánar >](#)

25. júní

Staða í bólusetningum með besta móti á Íslandi. [Nánar >](#)

30. júní

Forsætisráðherra á opnun Kynslóðar jafnréttis, átaksverkefni um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna á vegum UN Women. [Nánar >](#)

Fréttannaáall 2021 (júní–september)

30. júní

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Sanna Marín, forsætisráðherra Finnlands, funduðu í París. [Nánar >](#)



1. júlí

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fundaði með Emmanuel Macron, forseta Frakklands, í París. [Nánar >](#)



3. júlí

Forsætisráðherra ávarpaði Oddahátíð. [Nánar >](#)

10. ágúst

Kynntu aðgerðir til að efla skapandi greinar á sumarfundi ríkisstjórnarinnar á Suðurnesjum. [Nánar >](#)




27. júlí

Forsætisráðherra ávarpaði ráðstefnu SP um matvælaframleiðslu. [Nánar >](#)

6. júlí

Ísland tekur þátt í alþjóðlegri könnun OECD um traust. [Nánar >](#)



16. ágúst

Forsætisráðherra opnar ráðstefnu gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi í Hörpu. [Nánar >](#)

20. ágúst

Ríkisstjórnin fundar með Ungmennaráði heimsmarkmiðanna. [Nánar >](#)

23. ágúst

Ítarlegri greining á stöðu eldri borgara í Tekjusögunni. [Nánar >](#)

24. ágúst

Ríkisstjórnin samþykkir tillögur flóttamannanefndar um hvernig skal bregðast við neyðarástandinu í Afganistan. [Nánar >](#)

26. ágúst

Tilslakanir og aðferðafræði temprunar í baráttunni við COVID-19 ákveðin á fundi ríkisstjórnar. [Nánar >](#)

2. september

Rætt um réttlát umskipti á fundi þjóðhagsráðs. [Nánar >](#)



31. ágúst

Nefnd greinir áfallstjórnun stjórnvalda vegna COVID-19. [Nánar >](#)

29. ágúst

Afmælisgjöf til menningarhússins Hofa. [Nánar >](#)



3. september

Ákall kvenleiðtoga vegna stöðu kvenna og stúlkna í Afganistan. [Nánar >](#)

7. september

Skýrsla gefin út um störf án staðsetningar. [Nánar >](#)

7. september

Kynbundinn launamunur fer minnkandi samkvæmt nýrri rannsókn. [Nánar >](#)

7. september

Mælaborð um stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)



Fréttannaáall 2021 (september–desember)

11. september

Elif Shafak handhafi Alþjóðlegra bókmenntaverðlauna Halldórs Laxness 2021. [Nánar >](#)



14. september

Ríkisstjórnin kemur til móts við ófyrirséð útgjöld vegna aurskriða á Seyðisfirði. [Nánar >](#)

14. september

Nefnd undirbýr rannsókn á aðbúnaði og meðferð fullorðins fatlaðs fólks og fullorðinna með geðrænan vanda. [Nánar >](#)

21. september

Samið um starfsemi og fjármögnun Grænvangs til 2026. [Nánar >](#)

2. nóvember

Forsætisráðherra kynnti markmið og aðgerðir Íslands á loftslagsráðstefnunni í Glasgow. [Nánar >](#)

2. nóvember

580 milljarðar í grænar fjárfestingar. [Nánar >](#)

20. október

Nýtt mælaborð um stöðu aðgerða í forvarnaráætlun gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. [Nánar >](#)

14. október

Forsætisráðherra ávarpaði Hringborð norðurslóða. [Nánar >](#)

13. október

Styrkveitingar Jafnréttissjóðs Íslands frá 2016 til 2020. [Nánar >](#)

3. nóvember

Forsætisráðherra ávarpaði þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. [Nánar >](#)



8. nóvember

Forsætisráðherra tók þátt í leiðtogaumræðum með Hillary Clinton. [Nánar >](#)



10. nóvember

Forsætisráðherra stýrði ársfundi Heimsráðs kvenleiðtoga. [Nánar >](#)

13. desember

Aðgerðahópur um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði tekur til starfa. [Nánar >](#)

1. desember

Forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína og þingmálaskrá birt. [Nánar >](#)

28. nóvember

Annað ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur skipað. [Nánar >](#)



26. nóvember

Forsætisráðherra ræddi um velsæld á ráðstefnu OECD. [Nánar >](#)

13. desember

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna lagt fram á Alþingi. [Nánar >](#)

17. desember

Flóttafólk frá Afganistan komið í öruggt skjól. [Nánar >](#)

17. desember

Forsætisráðuneytið styrkir Stígamót. [Nánar >](#)



21. desember

Tuttugu milljónir króna til endurbyggingar Miðgarðakirkju í Grímsey. [Nánar >](#)



Ríkisstjórn og ráðherranefndir

Ríkisstjórnarfundir

Ríkisstjórnarfundir eru fundir allra ráðherra sem sæti eiga í ríkisstjórn Íslands. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum sem alla jafna eru haldnir tvisvar í viku á starfstíma Alþingis.

Á fundunum eru m.a. rædd mikilvæg stjórnarmálefni og stjórnarfrumvörp og stjórnartillögur sem ráðherrar hyggjast leggja fram á Alþingi. Dagskrá ríkisstjórnarfunda er birt á vef Stjórnarráðsins.

[Dagskrá ríkisstjórnarfunda](#)

Ráðherranefndir

Forsætisráðherra getur ákveðið, með samþykki ríkisstjórnar, að skipa ráðherranefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflokka. Hlutverk ráðherranefnda er að efla samráð og samstarf á milli ráðherra og ráðuneyta þeirra og tryggja samhæfingu ef málefnasvið skarast og til að undirbúa mál til framlagningar.

[Nánar um ráðherranefndir](#)

Fjöldi funda:

80

Ríkisstjórnarfundir
(102 árið 2020)

4

Ráðherranefnd
um efnahagsmál
(12 árið 2020)

21

Ráðherranefnd
um ríkisfjármál
(68 árið 2020)

55

Ráðherranefnd
um samræmingu mála
(38 árið 2020)

1

Ráðherranefnd
um jafnréttismál
(3 árið 2020)

4

Ráðherranefnd
um loftslagsmál
(2 árið 2020)



Ný ríkisstjórn

Annað ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur var skipað á ríkisráðsfundi á Bessastöðum í lok nóvember en það skipa tólf ráðherrar:

- **Katrín Jakobsdóttir**, forsætisráðherra
- **Bjarni Benediktsson**, fjármála- og efnahagsráðherra
- **Sigurður Ingi Jóhannsson**, innviðaráðherra
- **Svandís Svavarsdóttir**, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (síðar breytt í matvælaráðherra)
- **Guðlaugur Þór Þórðarson**, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
- **Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir**, utanríkis- og þróunarsamvinnu-
ráðherra (síðar breytt í utanríkisráðherra)
- **Lilja D. Alfreðsdóttir**, ferðamála-, viðskipta- og menningarráðherra
(síðar breytt í menningar- og viðskiptaráðherra)
- **Ásmundur Einar Daðason**, mennta- og barnamálaráðherra
- **Guðmundur Ingi Guðbrandsson**, félags- og vinnumarkaðsráðherra
- **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunar-
ráðherra (síðar breytt í háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra)
- **Jón Gunnarsson**, innanríkisráðherra (síðar breytt í dómsmála-
ráðherra)
- **Willum Þór Þórsson**, heilbrigðisráðherra

Ráðherrum fjölgaði um einn og komu Jón Gunnarsson og Willum Þór Þórsson nýir inn í ríkisstjórn en Kristján Þór Júlíusson sem gegndi embætti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í fyrsta ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur lét af störfum. Allir ráðherrar að forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innviðaráðherra undanskildum tóku við nýjum ráðherraembættum í nýrri ríkisstjórn.

- **Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs**

Breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins

Samhliða myndun ríkisstjórnarinnar voru boðaðar umfangsmiklar breytingar á skipulagi Stjórnarráðs Íslands. Forsætisráðherra lagði fram þingsályktunartillögu þess efnis á Alþingi í desember. Með breytingunum var ráðuneytum fjölgað úr tíu í tólf og ýmsir málaflokkar sömuleiðis fluttir milli ráðuneyta. Markmið breytinganna er að tryggja að Stjórnarráðið sé sem best í stakk búið til að takast á við þau

krefjandi samfélagsverkefni sem framundan eru í samræmi við þær áherslur sem fram koma í stjórnarsáttmála. Breytingunum er einnig ætlað að efla samstarf og samhæfingu milli ráðuneyta enda krefjast stórar áskoranir á borð við loftslagsbreytingar, orkuskipti, réttlát umskipti og sjálfbæra þróun þess að stjórnkerfið vinni saman sem ein heild.

Skipan ráðuneyta

- Forsætisráðuneyti

- Dómsmálaráðuneyti

- Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

- Fjármála- og efnahagsráðuneyti

- Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti

- Heilbrigðisráðuneyti

- Innviðaráðuneyti

- Matvælaráðuneyti

- Menningar- og viðskiptaráðuneyti

- Mennta- og barnamálaráðuneyti

- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

- Utanríkisráðuneyti





Hlutverk og uppbygging forsætisráðuneytisins

Hlutverk forsætisráðuneytisins er að tryggja faglega umgjörð um störf ríkisráðs, ríkisstjórnar og ráðherranefnda, auk þess að veita faglega ráðgjöf um meðferð verkaskiptingarvalds forsætisráðherra sem og lögfræðilega ráðgjöf til annarra ráðuneyta um stjórnskipuleg og stjórnsýsluleg álitamál.

Hlutverk forsætisráðuneytisins er jafnframt að aðstoða forsætisráðherra og ríkisstjórn hvers tíma við að koma megináherslum sínum í framkvæmd. Þetta er gert með leiðsögn, forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðsins. Umfang og áherslur í starfsemi og rekstri forsætisráðuneytisins ráðast þannig mjög af stefnumálum og áherslum ríkisstjórnar hverju sinni.

Forsætisráðuneytið sinnir einnig sérstökum stjórnarmálefnum sem undir ráðuneytið heyra, svo sem jafnréttismálum, þjóðaröryggismálum, þjóðlendumálum og málefnum Vísinda- og tækniráðs. Þá fluttust mannréttindamál til ráðuneytisins við breytingar á Stjórnarráðinu í kjölfar myndun nýrrar ríkisstjórnar í lok nóvember á árinu. Vinna við nýtt skipurit ráðuneytisins hófst á árinu en þar var lögð áhersla á að efla heildarsýn á starfsemi ráðuneytisins og að auka samhæfingu þvert á skrifstofur.

Starfsfólk í árslok 2021



Ráðherra og aðstoðarmenn meðtalin

Tölfræði:

2.501

Mál í málaskrá

23.818

Skjöl í málaskrá

14.233

Innkomin skráð skjöl

13.202

Innkomin skráður
tölvupóstur

181

Fréttatilkynningar
sendar út

15

Skriflegar fyrirspurnir
frá Alþingi

63

Upplýsingabeidnir

481

Formlegar fyrirspurnir
til ráðuneytisins

140

Erindi tengd COVID-19



Yfirlit yfir þingmál forsætisráðherra

Á árinu 2021 voru löggjafarþing nr. 151 og 152 starfandi. Forsætisráðherra lagði fram eftirfarandi frumvörp á Alþingi:

- **Frumvarp til laga um brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42/1987.**
- **Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð.**
- **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, nr. 85/2018 (fjölgun mismununarþátta).**

Frumvarp um brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar varð að lögum á árinu en frumvarp um Vísinda- og nýsköpunarráð náði ekki fram að ganga. Síðastnefnda frumvarpið var lagt fram í lok ársins og var til meðferðar á þingi á árinu 2022.

Þá lagði forsætisráðherra fram tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Tillagan var afgreidd sem ályktun Alþingis í ársbyrjun 2022.

Skriflegar skýrslur voru sjö, skýrsla um innviði og þjóðaröryggi, skýrsla um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum, skýrsla um stefnu Íslands um gervigreind, skýrsla um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af

gjöldum fyrir slík réttindi, skýrsla um framkvæmd upplýsingalaga, skýrsla um framkvæmd ályktana Alþingis 2020 og skýrsla um starf Seðlabanka Íslands eftir gildistöku laga nr. 92/2019.

Ráðherra tók þátt í þremur sérstökum umræðum, svaraði einni fyrirspurn munnlega og 15 fyrirspurnum skriflega. Loks svaraði ráðherra 54 óundirbúnum fyrirspurnum.

Alþjóðleg samskipti forsætisráðherra

Áhrifa heimsfaraldurs COVID-19 gætti enn í alþjóðastarfi forsætisráðherra á árinu 2021 þótt þau hafi verið minni en árið áður þegar aðeins einn fundur var sóttur erlendis. Sem fyrr voru loftslagsmál og jafnréttismál efst á baugi í alþjóðastarfinu auk heimsfaraldursins.

Norrænt samstarf og norðurslóðir

Forsætisráðherra sótti þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í byrjun nóvember en þingið var haldið rafrænt árið áður vegna COVID-19. Í leiðtogaumræðum á þinginu var rætt um hvaða lærdóma Norðurlöndin gætu dregið af heimsfaraldrinum og hvernig efla megi norrænt samstarf í framtíðinni. Forsætisráðherra lagði í ávarpi sínu áherslu á að samstarf Norðurlandanna hafi verið þétt og Ísland m.a. notið ómetanlegs stuðnings í formi aðgengis að bóluþefnum og lækningavörum. Faraldurinn hafin þó einnig afhjúpað veikleika í norrænu samstarfi sem hafi m.a. birst í lokun landamæra.

Á fundi forsætisráðherra N8 ríkjanna á þinginu var samþykkt yfirlýsing um aukið norrænt samstarf á sviði birgðaöryggis og viðbragðs. Forsætisráðherra átti einnig tvíhliðafundi með Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra Noregs, og Múte B. Egede, formanni landsstjórnar Grænlands. Forsætisráðherra hitt einnig Sönnu Marin, forsætisráðherra Finnlands, á árinu en fundur þeirra fór fram í París þar sem ráðherrarnir voru staddir á ráðstefnunni Kynslóð jafnréttis.

Forsætisráðherra ræddi afleiðingar heimsfaraldursins og enduruppbyggingu í kjölfar hans á norðurslóðum á Norðurslóðaráðstefnunni Arctic Frontiers sem fram fór í febrúar. Þar tóku einnig þátt forsætisráðherrar Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.

Fundur Norðurskautsráðsins var haldinn í Reykjavík í maí en þá lauk tveggja ára formennsku Íslands í ráðinu. Í tengslum við fundinn átti forsætisráðherra tvíhliðafundi með Anthony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands.

Forsætisráðherra flutti svo ávarp við opnun þings Hringborðs norðurslóða, Arctic Circle, sem fram fór í Reykjavík í október. Þar lagði forsætisráðherra áherslu á mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og neikvæðum áhrifum þeirra á norðurslóðum.

Loftslagsmál

Loftslagsmál voru eins og áður segir fyrirferðarmikil í alþjóðastarfi forsætisráðherra. Í febrúar sendi Ísland skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna formlega uppfærð markmið sín um aukinn samdrátt í losun. Þau fela í sér samdrátt um 55% eða meira til 2030 miðað við stöðuna árið 1990. Er Ísland þar í samfloti með ríkjum Evrópusambandsins og Noregi.

Forsætisráðherra sótti 26. aðildaríkjafund samningsins (COP26) sem fram fór í Glasgow í byrjun nóvember. Í ávarpi sínu á fundinum greindi ráðherra frá uppfærðum markmiðum Íslands um enn frekari samdrátt í losun og að Ísland hafi bæst í hóp þeirra ríkja sem lögfest hafa markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Þá ræddi ráðherra um möguleika nýrrar tækni við bindingu kolefnis í jarðvegi og lagði áherslu á mikilvægi réttláttra umskipta í öllum aðgerðum til að tryggja jöfnuð og velsæld samhlíða loftslagsaðgerðum.





Í Glasgow átti forsætisráðherra einnig fjölmarga tvíhliða fundi með erlendum þjóðarleiðtogum og tók þátt í hliðarviðburði norrænna forsætisráðherra um grænar fjárfestingar og fundaði með leiðtogum frá WEGo samstarfsríkjunum sem snýst um velsældarhagkerfið.

Forsætisráðherra flutti ávarp á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna um landgræðslumál sem fram fór með rafrænum hætti í júní. Í ávarpinu gerði ráðherra grein fyrir verkefnum Íslands á sviði landgræðslu og skógræktar og endurheimt vistkerfa og votlenda sem væru ásamt kolefnisförgun mikilvægir þættir í því markmiði að ná kolefnishlutleysi 2040.

Jafnréttismál

Forsætisráðherra tók á árinu þátt í fjölmörgum fundum og viðburðum um jafnréttismál á alþjóðavettvangi. Í mars var forsætisráðherra meðal þátttakenda í opunarviðburði alþjóðlegu jafnréttisráðstefnunnar SHE 2021. Þar tók ráðherra þátt í pallborðsumræðum ásamt Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, og Sadiq Khan, borgarstjóra Lundúna. Þar var m.a. rætt um áhrif heimsfaraldursins á jafnrétti og mikilvægi þess að hafa jafnrétti að leiðarljósi við uppbygginguna í kjölfar faraldursins.

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars, tók forsætisráðherra þátt í viðburði á vegum UN Women þar sem fjallað var um jafnréttisbaráttuna á tímum heimsfaraldurs. Rafrænt ávarp forsætisráðherra var flutt á árlegum fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna um miðjan mars. Þar ræddi ráðherra m.a. um mikilvægi þess að konur taki þátt í stefnumótun þegar kemur að uppbyggingu í kjölfar faraldursins.

Í byrjun júlí kynnti forsætisráðherra í París skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í átaksverkefni UN Women sem ber heitið Kynslóð jafnréttis. Ráðherra flutti í ágúst opunarávarp á alþjóðlegu jafnréttisráðstefnunni Reykjavík Dialogue. Þar var samþykkt yfirlýsing kvennasamtaka um að uppræta verði ofbeldi gegn konum og stúlkum. Forsætisráðherra fékk yfirlýsinguna afhenta að loknum heimsfundi kvennasamtaka sem var hluti Reykjavík Dialogue. Ráðherra kynnti yfirlýsinguna svo fyrir norrænum jafnréttisráðherrum á rafrænum fundi þeirra í september.

Heimspjng kvenleiðtoga fór fram í Hörpu í nóvember en þetta var í fjórða sinn sem þingið er haldið. Forsætisráðherra flutti ávarp við opnun þingsins og stýrði einnig ársfundi Heimsráðs kvenleiðtoga. Þá skilaði Ísland í nóvember níundu skýrslu sinni um framkvæmd Samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununa gegn konum.

Annað alþjóðlegt samstarf

Forsætisráðherra fundaði með Emmanuel Macron, forseta Frakklands, í París í byrjun júlí en slíkur fundur fór síðast fram árið 1999. Þar ræddu þau tvíhliða samskipti landanna og möguleika á auknu samstarfi á sviði loftslagsmála, nýsköpunar og grænna lausna auk jafnréttismála.

Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins fór fram í Brussel um miðjan júní og var forsætisráðherra meðal þátttakenda. Á fundinum var m.a. rætt um tillögur framkvæmdastjóra bandalagsins sem miða að því að gera það enn betur í stakk búið að takast á við öryggisáskoranir og -ögnir á næstu árum. Forsætisráðherra fundaði einnig með Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar ESB, og átti tvíhliðafundi með forsætisráðherrum Slóveníu og Eistlands.

Í kjölfar valdatöku talibana í Afganistan í ágúst skapaðist ófremdar-ástand í landinu. Forsætisráðherra hafði ásamt Zuzönu Čaputová, forseta Slóvakíu, frumkvæði að ákalli hóps kvenleiðtoga í heiminum til valdhafa í Afganistan um að tryggja réttindi kvenna og stúlka í landinu. Íslensk stjórnvöld ákváðu í kjölfarið að taka á móti hópi flóttafólks frá Afganistan.

Forsætisráðherra tilkynnti í júní um 500 milljóna króna viðbótarframlag Íslands til COVAX, alþjóðlegs samstarfs um bætta aðgang að bóluefnum. Í nóvember var forsætisráðherra meðal þátttakenda í leiðtogamræðum á ráðstefnunni Global Challenges Summit sem fram fór á vegum Hillary Clinton og Swansea-háskóla. Þá tók forsætisráðherra þátt í leiðtogafundi Joe Biden Bandaríkjaforseta um lýðræði sem haldinn var með rafrænum hætti í desember. Í ávarpi sínu sagði forsætisráðherra m.a. að víða um heim hafi á undanförunum árum orðið bakslag þegar kemur að lýðræði, mannréttindum og jafnrétti kynjanna. Þeirri þróun yrði að snúa við.

Matvælaráðstefna Sameinuðu þjóðanna fór fram í september, bæði rafrænt og í New York. Forsætisráðherra flutti þar ávarp þar sem áhersla var lögð á að draga yrði úr sóun þegar kemur að framleiðslu, dreifingu og neyslu matvæla í heiminum.

Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Belarús, Sviatlana Tsikhanouskaya, heimsótti Ísland í júlí og fundaði m.a. með forsætisráðherra. Á fundinum var rætt um stuðning Íslands við málstað umbótahreyfinga í Belarús. Þá átti forsætisráðherra í byrjun árs fjárfundi með forsætisráðherra Litháens og forseta Eistlands.



**Viðbrögð við
heimsfaraldri og náttúruvá**

Heimsfaraldur og viðbrögð stjórnvalda

Samfélagið og stjórnsýslan hélt áfram að vinna sem ein heild við að setja heilbrigði þjóðar í forgang, verja líf og heilsu fólks í heimsfaraldri COVID-19. Viðbrögð við heimsfaraldrinum miðuðu jafnframt að því að lágmarka neikvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif auk þess sem áhersla var á að horfa til velsældarsjónarmiða við endurreisn samfélagsins í kjölfar heimsfaraldurs.

Staða og verkefni Íslands í heimsfaraldri tóku á sig nokkuð breytta mynd árið 2021 sem kallaði á reglubundið endurmat á nálgun og viðbrögðum innanlands og á landamærum meðan mesta hættan af faraldrinum gekk yfir. Í því samhengi þurfti reglulega að meta samspil áhættu við aðgerðir sóttvarna innanlands og á landamærum.

Forsætisráðuneytið hefur með höndum forystu og samhæfingu innan Stjórnarráðs Íslands og leiddi samhæfingu aðgerða vegna heimsfaraldursins innan Stjórnarráðsins. Helstu verkefni ársins voru tíðir samráðsfundir ráðherranefndar um samræmingu mála um framhald sóttvarnaráðstafana og aðgerða auk þess sem fundað var reglulega með sérfræðingum og hagsmunaaðilum um stöðu og leiðir í faraldrinum. Einnig var sett á laggirnar samhæfingateymi vegna framkvæmdar á landamærum til að tryggja betur samhæfingu aðgerða á milli ráðuneyta og upplýsingamiðlun þvert á ráðuneyti.

Þá skipaði forsætisráðherra nefnd til að vinna úttekt á viðbrögðum stjórnvalda við COVID-19 og greina áfallastjórnun vegna faraldursins. Í úttektinni verður m.a. fjallað um hvernig stjórnvöld voru undirbúin til að takast á við faraldrinn, hvernig ákvarðanatöku var háttáð, hvernig upplýsingum var miðlað og hvernig reynslan hafi verið nýtt jafnharðan til aðlögunar á stefnu og áætlanagerð.





Hamfarir á Seyðisfirði

Í kjölfar aurskriðanna á Seyðisfirði í desember 2020 var settur á laggirnar starfshópur ráðuneyta til að koma að viðbrögðum og enduruppbyggingu á svæðinu.

Í hópnum voru fulltrúar sex ráðuneyta, þ.e. forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Fulltrúi sveitarfélagsins Múlaþings og fulltrúi almannavarna tóku einnig þátt í starfi hópsins.

Hópurinn hafði það hlutverk að:

- **Fylgja eftir málum er varða aðkomu ríkisins að hreinsun á svæðinu og öðrum aðgerðum sem styðja við að koma sveitarfélaginu í starfrækt horf á ný.**
- **Sjá til þess að opinberir aðilar sem hlut eiga að máli hefji undirbúning og framkvæmdir við að koma innviðum samfélagsins í það horf sem það var áður.**
- **Sjá til þess að opinberir aðilar undirbúi viðbrögð og aðgerðir til lengri og skemmri tíma eins og snjóflóðavarnir, hvernig uppbyggingu menningar- og minjamála skuli háttað o.s.frv.**

Aðkoma ríkisins að enduruppbyggingu var margþætt og fór í gegnum fjölda ríkisaðila. Má þar nefna almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæsluna, Vegagerðina, Veðurstofuna, Þjóðminjasafnið, Minjastofnun, Ofanflóðasjóð og Lögreglustjórnann á Austurlandi. Ríkisstjórnin veitti stofnunum auka fjárveitingu vegna ófyrirséðra útgjalda vegna aurskriðanna. Einnig var Múlaþingi veittur styrkur til að takast á við óvænt útgjöld vegna nauðsynlegra verkefna í kjölfar aurskriðanna og veittur var byggðastyrkur til atvinnuuppbyggingar og þróunar á svæðinu til þriggja ára.

Eldsumbrot á Reykjanesi

Þann 19. mars hófst eldgos á Reykjanesi. Í aðdraganda þess fól ríkisstjórnin hópi ráðuneytisstjóra að leiða nauðsynlega vinnu við að vernda mikilvæga innviði.

Starfshópur var settur á laggirnar með fulltrúum frá forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Einnig voru í hópn um fulltrúar frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Vegagerðinni, Veðurstofnunni, Orkustofnun, Landsneti, Náttúruhamfaratryggingu Íslands, Póst- og fjarskiptastofnun og frá sveitarfélögum á svæðinu, þ.e. Grindavík, Vogum, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ.

Starfshópurinn fékk það verkefni að huga að hröðum og öruggum viðbrögðum við mögulegum eldsumbrotum, styðja við vinnu heimaaðila og tryggja um leið fyllsta öryggi íbúa. Meta þurfti hvaða mikilvægu innviðir væru í hættu og hvaða afleiðingar stór jarðskjálfti gæti haft á innviðina. Nauðsynlegt var að almannavarnadeild fengi aðgengi að tengiliðum þeirra ráðuneyta sem fara með raforku, samgöngur, fjarskipti, umhverfissvöktun, heilbrigðismál og almannavarnir.

Á fundum hópsins var farið yfir sviðsmyndir um þróun gossins og hraunflæði og mögulegar aðgerðir til að verja innviði, m.a. uppsetningu varnargarða til að reyna að stýra hraunflæðinu.

Gríðarlegur áhugi var á gosinu, bæði hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum, og því þurfti einnig að huga að aðgengis- og öryggismálum á svæðinu. Gera þurfti endurbætur á gönguleiðum, koma upp bílastæðum og vakta svæðið til að tryggja öryggi göngufólks.



Jafnréttis- og mannréttindamál

Jafnréttis- og mannréttindamál

Á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála starfa, auk skrifstofu-stjóra, fimm sérfræðingar sem sinna margvíslegum verkefnum. Skrifstofan fer með stefnumótun á sviði jafnréttis- og mannréttindamála, sinnir ýmiss konar alþjóðastarfi og hefur fyrirvar fyrir hönd forsætisráðuneytisins gagnvart einstaklingum, hagsmunaaðilum og félagsamtökum á sviði jafnréttis- og mannréttindamála. Þá sinnir skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála almennri upplýsingagjöf til Alþingis og nefnda þingsins.

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á jafnréttismál. Árið 2021 mældist Ísland í efsta sæti á kynjajafnréttislista Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) tólfta árið í röð og hækkaði um fimm sæti á milli ára á Regnbogakortinu sem er úttekt á stöðu og réttindum hinsegin fólks í Evrópu og er þar með komið á topp tíu lista landa í Evrópu sem standa sig best.

Mannréttindi

Í árslok 2021 voru mannréttindamál færð frá dómsmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis. Inntak stjórnarmálefnisins er meðal annars almenn stefnumótun á sviði mannréttindamála, innleiðing og eftirfylgni alþjóðlegra mannréttindasamninga og ábyrgð á málum gegn íslenska ríkinu hjá Mannréttindadómstól Evrópu.

Mannréttindi varða öll ráðuneyti, stjórnarsýsluna í heild og sveitarfélög landsins og því er öflug samvinna og samhæfing í málaflokknum nauðsynleg. Stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi er formlegur samráðs- og samstarfsvettvangur sem þjónar meðal annars því markmiði að tryggja stöðugleika í verklagi og fasta aðkomu allra ráðuneyta að málaflokknum. Undir forystu forsætisráðuneytis hefur stýrihópurinn verið eflur.

Árið 2021 skilaði íslenska ríkið nokkrum skýrslum um framkvæmd alþjóðlegra mannréttindasamninga til eftirlitsaðila Sameinuðu þjóðanna. Fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var skilað í febrúar. Þá var fimmtu skýrslu Íslands um alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi skilað í október og níundu skýrslu Íslands um samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum í nóvember.

Í október skilaði Ísland skýrslu sinni í tilefni af þriðju allsherjarúttekt mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála (e. Universal Periodic Review). Í skýrslunni var farið yfir það hvernig íslensk stjórnvöld hafa fylgt eftir þeim tilmælum sem Ísland fékk í annarri allsherjarúttektinni, sem fór fram árin 2016 til 2017.

Á árinu 2021 gerðist íslenska ríkið aðili að tveimur samningum Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi. Þá var samþykkt ný þýðing á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þar sem fyrri þýðing var ekki talin í nógu góðu samræmi við frumtexta samningsins og þá hugmyndafræði sem hann boðar.

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni

• Nýtt mælaborð um forvarnaraðgerðir meðal barna og ungmenna

Mælaborð um aðgerðir í þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025, kom út á vef Stjórnarráðsins á árinu. Með því er 26 aðgerðum áætlunarinnar fylgt eftir á myndrænan hátt og





Það uppfært reglulega í samræmi við framgang mála. Hægt er að lesa nánar um stöðu hvernar aðgerðar á [svæði mælaborðsins](#).

• Styrkur til netspjallsins Sjúkást á vegum Stígamóta

Undirritaður var samstarfssamningur við Stígamót en samkvæmt honum greiddi ráðuneytið Stígamótum 12 millj. kr. til að byggja upp netspjall tengt verkefninu Sjúkást. Verkefnið veitir ungmennum á aldrinum 13 til 19 ára fræðslu um kynferðisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum og stuðning með það að markmiði að hjálpa brotabólum úr ofbeldissamböndum og aðstoða gerendur við að endurtaka ekki ofbeldi.

• Styrkir í tengslum við átaksverkefnið Kynslóð jafnréttis

Ísland er eitt forysturíkja verkefnisins Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum) sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og UN WOMEN og veitir aðgerðabandalagi um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi forystu ásamt Bretlandi, Kenía og Úrúgvæ.

• Samningar við Stígamót, Bjarmahlíð og Bjarkarhlíð

Undirritaðir voru samningar við Stígamót, Bjarmahlíð og Bjarkarhlíð í því augnamiði að efla þjónustu við ungmenni og draga úr biðlistum brotabóla kynbundins og kynferðislegs ofbeldis með því að efla stafræna tækni og notkun samskiptaforrita sem eiga að taka mið af dreifðri búsetu, aldri, uppruna og fötlun. Framlag ráðuneytisins vegna samninganna var samtals 15 millj. kr.

Kynbundinn launamunur

• Rannsókn Hagstofu Íslands á launamun karla og kvenna

Hagstofa Íslands framkvæmdi rannsókn á launamun karla og kvenna árin 2008–2020 fyrir forsætisráðuneytið. Helstu niðurstöður voru þær að launamunur karla og kvenna hefur dregist saman á árabílinu. Frá 2008 til 2020 minnkaði munur á atvinnutekjum karla og kvenna úr 36,3% í 23,5%, óleiðréttur launamunur minnkaði úr 20,5% í 12,6% og leiðréttur launamunur úr 6,4% í 4,1%. Leiðréttur launamunur metur hvort karlar og konur með sömu eiginleika eða þætti fái sambærileg laun. Kynbundin skipting vinnumarkaðar í störf og atvinnugreinar skýrir að miklu leyti þann launamun sem enn er til staðar.

• Aðgerðahópur um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði

Skipaður var aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði í kjölfar skýrslu sem starfshópur um endurmat á virði kvennastarfa skilaði af sér á árinu. Aðgerðahópurinn á að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum.

• Alþjóðlegi jafnlaunadagurinn haldinn í annað sinn

Forsætisráðuneytið og Reykjavíkurborg sameinuðu krafta sína í tilefni af alþjóðlega jafnlaunadeginum þann 17. september á rafrænum morgunfundum. Forsætisráðherra flutti ávarp í upphafi fundar, Reykjavíkurborg kynnti jafnlaunakerfi sitt og jafnlaunavottun og Hagstofan kynnti rannsókn sína á kynbundnum launamun, sem var unnin fyrir forsætisráðuneytið. Forsætisráðherra flutti jafnframt ávarp á raf-rænu málþingi Alþjóðlega jafnlaunabandalagsins (EPIC) síðar

sama dag. Markmiðið með alþjóðlega jafnlaunadeginum er að vekja athygli á aðgerðum sem stuðla að launajafnrétti og hvetja til frekari aðgerða til að markmið um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf nái fram að ganga.

Málefni hinsegin fólks

• Ísland verði í fremstu röð

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram það markmið að Ísland verði í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks. Árið 2021 komst Ísland í 9. sæti á Regnbogakortinu og var hástökkvari ársins á Norðurlöndunum ásamt Danmörku.

• Samstarfssamningar við Samtökin '78 og styrkir

Ráðherra undirritaði samning um 20 millj. kr. fjárframlag til Samtakanna '78 í þeim tilgangi að styðja almennt við rekstur samtakanna og skjóta frekari stoðum undir starfsemi þeirra. Þá er í gildi samstarfssamningur við samtökin til þriggja ára um að samtökin sinni sértækri fræðslu, þjónustu og ráðgjöf. Þá veitti ráðherra samtökunum 4 millj. kr. húsnæðisstyrk vegna vatnstjóns og mygluskemmda á húsnaði þeirra.

• Íslensk þýðing norrænnar samstarfsáætlunar um málefni hinsegin fólks

Fyrsta norræna samstarfsáætlunin um málefni hinsegin fólks, sem samþykkt var árið 2020, var þýdd á íslensku á árinu. Hún ber titilinn

Jafnrétti, jafnræði og jöfn tækifæri LGBTI fólks á Norðurlöndum. Áætlunin er liður í því að LGBTI fólk öðlist aukið frelsi, bætt lífsgæði og lífsskilyrði svo Norðurlöndin verði eitt þeirra svæða í heiminum þar sem mest jafnrétti ríkir.

Jafnréttismál á alþjóðavettvangi

• Ársfundur Heimsráðs kvenleiðtoga


Á árinu stýrði ráðherra ársfundi Heimsráðs kvenleiðtoga (Council of Women World Leaders) í Hörpu. Fundurinn fór fram með fjarfundarbúnaði og var vel sóttur af núverandi og fyrrverandi forsetum og forsætisráðherrum.

• Áframhaldandi samstarf um heimsþing kvenleiðtoga

Forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti og stofnandi Women Political Leaders (WPL), skrifuðu undir áframhaldandi samstarf um heimsþing kvenleiðtoga á Íslandi.

• The Reykjavík Dialogue

Forsætisráðherra flutti opunarávarp á ráðstefnunni The Reykjavík Dialogue 2021 í Hörpu en ráðstefnan var skipulögð í samstarfi forsætisráðuneytisins og RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands. Á ráðstefnunni var einkum rætt um hvernig mætti betur tryggja réttindi þolenda kynbundis og kynferðislegs ofbeldis og áreitni, bæði eftir hefðbundnum leiðum réttarkerfisins og óhefðbundnum leiðum.





- **Viðburður UN Women í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna**

Forsætisráðherra tók þátt í viðburði á vegum UN Women í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Viðburðurinn var rafrænn og bar yfirskriftina Kvenleiðtogar: Jafnréttisbaráttan á tímum heimsfaraldurs COVID-19 á leið til kynslóðar jafnréttis.

- **Alþjóðlega jafnréttisráðstefnan SHE**

Forsætisráðherra tók þátt í opunarviðburði alþjóðlegu jafnréttisráðstefnunnar SHE 2021 í Noregi en þema hennar var Jafnrétti skiptir máli (Equality Matters). Þá tók hún þátt í pallborðsumræðum með Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada og Sadiq Khan, borgarstjóra Lundúna. Þau ræddu meðal annars áhrif heimsfaraldursins á stöðu kvenna og jafnréttismál í heiminum og hlutverk leiðtoga við þær aðstæður. Forsætisráðherra lagði áherslu á mikilvægi þess að jafnréttismál væru höfð að leiðarljósi við endurreisn hagkerfa heimsins eftir faraldurinn.

- **World Pride**

Forsætisráðherra ávarpaði fund World Pride með norrænum jafnréttisráðherrum í Kaupmannahöfn. Á fundinum var sjónum beint að velferð ungs hinsegin fólks og mikilvægi þess að Norðurlöndin sneru bökum saman í því að styrkja stöðu og réttindi hinsegin fólks.

Ýmislegt

- **Miðlægt vefsvæði um jafnréttismál á vef Stjórnarráðsins**

Nýtt og uppfært miðlægt vefsvæði um jafnréttismál var sett í loftið á vef Stjórnarráðsins. Á vefsvæðinu má nálgast upplýsingar á einum stað um aðgerðir stjórnvalda í jafnréttismálum, ýmsa áfanga, útgefið efni og kyngreinda tölfræði, sem er hornsteinn að markvissu jafnréttisstarfi. Vefsvæðið er bæði á íslensku og ensku, enda mikill áhugi bæði innanlands og erlendis frá þegar staða og þróun jafnréttismála á Íslandi er annars vegar.

- **Þriggja ára samstarfssamningur við KRFÍ**

Ráðherra undirritaði samstarfssamning til þriggja ára við Kvenréttindafélag Íslands um ráðgjöf, fræðslu, námskeiðahald og upplýsingagjöf um jafnrétti kynja á innlendum og erlendum vettvangi. Með samningnum greiðir ráðuneytið Kvenréttindafélaginu 10 millj. kr. á ári og sinnir félagið ýmiss konar fræðslu, m.a. gerð upplýsingaefnis á íslensku og ensku, opnum fundum og útgáfu námsefnis um jafnréttismál.

- **Samstarfssamningur við FKA**

Forsætisráðherra undirritaði samstarfssamning til eins árs við Félag kvenna í atvinnulífnum um framkvæmd, þróun og kynningu Jafnvægisvogarinnar.

- **Jafnréttissjóður Íslands**

Árið 2021 barst 81 umsókn í Jafnréttissjóð Íslands og úthlutað var styrkjum til 8 verkefna og rannsókna, alls 25 millj. kr. Stígamót hlutu 5 millj. kr. til verkefnisins Sjúkást spjallið – netspjall fyrir unglunga um ofbeldi. Þrír aðilar hlutu hver um sig 4 millj. kr. styrk fyrir verkefnið The Nordic concept of gender equality and ‘The Other’, Sigurhæðir og Working-Class women, Well-being and the Welfare State: New Evidence from the Icelandic Context.



Efnahags-, velsældar- og loftslagsmál

Loftslagsmál

Loftslagsráðstefna Sameinuðu Þjóðanna

Tuttugasta og sjötta loftslagsráðstefna Sameinuðu Þjóðanna (COP26) fór fram í Glasgow í nóvember. Uppfærð markmið Íslands um aukinn samdrátt í losun voru tilkynnt formlega til skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu Þjóðanna snemma árs. Ísland stefnir nú að 55% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030, miðað við árið 1990, í samfloti með ESB og Noregi, í stað 40% áður. Ísland hefur einnig lögfest markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 og setti í september fyrstu stefnuna um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Í ræðu sinni á loftslagsráðstefnunni lagði forsætisráðherra áherslu á að markmið Parísarsáttmálans dugi ekki til að hemja hlýnun jarðar og þjóðir heims þurfi að gera betur.

Aðildarríki loftslagssamnings Sameinuðu Þjóðanna staðfestu í Glasgow mikilvægi þess að halda hækkun hitastigs jarðar undir 1,5°C. Samanlögð landsmarkmið ríkja um samdrátt í losun eru líkleg til að leiða til hlýnunar um 2,4°C. Í ákvörðun COP26 var því krafist að ríki heims setji sér metnaðarfullri markmið fyrir lok árs 2022. Þá var í lokaákvörðun ráðstefnunnar í fyrsta sinn talað um að draga skuli úr notkun kola og niðurgreiðslum á jarðefnaeldsneyti.

Ísland skrifaði undir fimm yfirlýsingar á COP 26 sem tengjast markmiðum í loftslagsmálum. Yfirlýsingarnar standa utan ramma Parísarsamningsins en geta engu að síður stutt við markmið samningsins um að halda hlýnun jarðar undir 1,5°C. Þær snúa að minni losun metans, eflingu skógræktar, hraðari innleiðingu rafbíla, minni losun frá siglingum og stuðningi við framgang hreinnar orku.

Ríkisstjórnin ákvað í tengslum ákvörðun um hert markmið að auka framlög til loftslagsaðgerða um einn milljarð á ári á tímabilinu 2022-2031 en þau áform koma fram í fjármálaáætlun. Eru þessar auknu fjárveitingar liður í því að Ísland nái uppfærðum markmiðum um samdrátt í losun. Þær aðgerðir sem um ræðir eru í meginatriðum á sviði náttúrumiðaðra lausna í loftslagsmálum, betri almennings-samgangna og innviða, aukins stuðnings við orkuskipti og loftslagsvænni landbúnaðar.

Önnur verkefni á sviði loftslagsmála

Forsætisráðherra var í hópi ráðherra sem kynntu sér starfsemi Carbfix á Hellisheiði í apríl. Carbfix-tæknin sem byggir á íslensku hugviti snýst um að binda koldíoxíð varanlega í bergi. Í september flutti forsætisráðherra ávarp við opnun á Orca, nýju loftsguveri fyrirtækisins Climeworks í Jarðhitagarði Orku náttúrunnar á Hellisheiði. Þar er koldíoxíð fangað beint úr andrúmsloftinu og svo dælt niður í berglög með Carbfix-tækninni til varanlegrar steinrenningar.

Samkomulag um áframhaldandi starfsemi Grænvangs var undirritað í september en það er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Loftslagsvegvisir atvinnulífsins var gefinn út í fyrsta skipti í júní undir forystu Grænvangs í samvinnu við Samorku, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Bændasamtök Íslands. Markmið vegvísisins er að skilgreina stöðu loftslagsmála í hverri atvinnugrein, móta stefnu og tillögur til úrbóta.





Þjóðhagsráð

Forsætisráðherra leiðir þjóðhagsráð en þar koma saman fulltrúar ríkisstjórnar, sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands og aðila vinnu- markaðar. Markmið ráðsins er að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og áhrifum á loftslagsmál. Þjóðhagsráð ræðir reglulega stöðu efnahags- og félagsmála í samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni. Þá er í ráðinu rætt um aðgerðir stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga hverju sinni. Í þjóðhagsráði sitja þeirra formenn stjórnmalaflokka sem aðild eiga að ríkisstjórn hverju sinni en þó ætíð forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, ásamt forystufólki Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, Kennarasambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Seðlabankans.

Þjóðhagsráð fundaði fimm sinnum á árinu 2021 og voru umræður um aðgerðir í ríkisfjármálum og á vinnumarkaði til að mæta áhrifum heimsfaraldurs fyrirferðarmiklar. Auk hefðbundinna viðfangsefna þjóðhagsráðs var m.a. haldinn sérstakur vinnufundur í ráðinu um stöðuna á vinnumarkaði, vinnumarkaðaaðgerðir og framtíðarskipan vinnumarkaðsmála. Þjóðhagsráð fjallaði einnig um áhrif loftslagsbreytinga á efnahagslíf og vinnumarkað og hvernig tryggja megi réttlát umskipti í vegferðinni í átt að kolefnishlutlausu samfélagi. Ráðið fékk meðal annars til sín góða gesti til að ræða um viðfangsefni. Guy Ryder, framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar (ILO), fjallaði meðal annars um hugtakið réttlát umskipti í alþjóðlegu samhengi og vinnu ILO á þessu sviði. Richard Lochhead, ráðherra réttláttra umskipta og vinnumarkaðsmála í Skotlandi, og Jim Skea, prófessor við Imperial College London og formaður nefndar skoskra stjórnvalda um réttlát umskipti, voru einnig sérstakir gestir á fundi þjóðhagsráðs. Ræddu þeir meðal annars um reynslu Skota af verkefnum tengdum réttlátum umskiptum og þær áskoranir sem þeir hafa mætt.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar – þeirrar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs. Heimsmarkmiðin hafa þannig tengingu við nær öll verkefni opinberrar þjónustu og því krefst vinna við innleiðingu þeirra þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti leiða verkefnið í sameiningu af hálfu stjórnvalda en í verkefnastjórn sitja fulltrúar allra ráðuneyta, Alþingis, Hagstofu Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og áheyrnarfulltrúar frá Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og ungmennaráði heimsmarkmiðanna.

Samráð milli ríkis og sveitarfélaga á sér stað innan samstarfsvettvangs um heimsmarkmiðin. Þar eiga sæti fulltrúar forsætisráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands. Vettvangurinn gaf á árinu út verkfærakistu um heimsmarkmiðin fyrir sveitarfélög og vann að gerð mælikvarðasafns um heimsmarkmiðin fyrir sveitarfélög. Þá var jafnframt unnin og gefin út verkfærakista um heimsmarkmiðin fyrir fyrirtæki í samstarfi við Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð.

Ungmennaráð heimsmarkmiðanna var fyrst skipað vorið 2018 og samanstendur af tólf fulltrúum á aldrinum 13–18 ára víðs vegar að af landinu og annast Embætti umboðsmanns barna starfsemi þess. Á fundi með ríkisstjórn í ágúst kom ungmennaráðið á framfæri áherslum sínum er varða málefni barna og ungmenna í anda heimsmarkmiðanna. Áherslurnar samanstóðu af 40 tillögum í þremur meginflokkum; menntun, heilbrigði og umhverfi.

Áhersla hefur verið lögð á samþættingu heimsmarkmiðanna við alla stefnumótun stjórnvalda auk þess sem Hagstofa Íslands annast viðamikla gagnaöflun fyrir árangursmælikvarða Sameinuðu þjóðanna og birtingu þeirra. Þá hefur verið lagt mat á stöðu markmiðanna hérlendis sem birt var í mælaborði á vefsíðu heimsmarkmiðanna árinu. Á vefsíðunni er jafnframt að finna upplýsingagátt sem gefur einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum og öðrum tækifæri til þess að greina frá verkefnum sem stuðla að framgangi heimsmarkmiðanna.





Sjálfbært Ísland

Á árinu höfst vinna við að móta Sjálfbært Ísland – samstarfsverkefni Stjórnarráðsins um samhæfingu verkefna sem tengjast sjálfbærri þróun, velsæld og réttlátum umskiptum.

Verkefnið er unnið í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála og nýjan forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta sem þar sem forsætisráðherra er falin samhæfing um sérstök áherslumál á sviði réttláttra umskipta, velsældaráherslna og sjálfbærrar þróunar. Sjálfbært Ísland er nýsköpun innan Stjórnarráðsins þar sem ætlunin er að ná utan um, samhæfa og efla vinnu varðandi sjálfbæra þróun samfélagsins með samvinnu ráðuneyta og kerfisins alls.

Meðal verkefna Sjálfbærs Íslands verður að móta innlenda stefnu um sjálfbæra þróun í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, vakta alþjóðlega þróun og vísindalega þekkingu á fyrrgreindum sviðum og styðja við stefnumótun, verkefni og aðgerðir sem ganga þvert á Stjórnarráðið.

Sjálfbært Ísland mun einnig standa fyrir sérstökum vinnu- og hugmyndasprettum (e. workshops) þvert á ráðuneyti og tryggja samhæfingu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum við aðrar stefnur og verkefni innan Stjórnarráðsins í samvinnu við verkefnisstjórn hennar. Þá mun skipulag og umsýsla vegna innleiðingar heimsmarkmiðanna falla inn í Sjálfbært Ísland.

Mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði

Á síðustu árum hefur Ísland verið í forystu í alþjóðlegu samstarfi um þróun velsældarmælikvarða sem ætlað er að gefa heildstæðari mynd af hagsæld, lífsgæðum og líðan landsmanna en hefðbundnir efnahagsmælikvarðar ná að gera.

Ríkisstjórnin samþykkti árið 2020 að styðjast við 39 mælikvarða í því verkefni að meta hagsæld og lífsgæði landsmanna og ná betri yfirsýn yfir stöðu og þróun á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Mælikvarðanir eru settir fram í þremur flokkum þ.e. félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum sem skiptast í þrettán undirflokkar sem hér segir:

- **Félagslegir:** Heilsa, menntun, félagsauður, öryggi íbúa og jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
- **Efnahagslegir:** Hagkerfi, atvinna, húsnæði og tekjur.
- **Umhverfislegir:** Loftgæði og loftslag, land, orka og úrgangur og endurvinnsla.

Ríkisstjórnin vill halda áfram að nýta þá leiðsögn sem þessir mælikvarðar veita til að tryggja félagslegan stöðugleika, bæta lífskjör, efla velferðarkerfið, tryggja aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu og menntun og húsnæðis- og afkomuöryggi.

Hagstofa Íslands annast söfnun upplýsinga, miðlun og þróun mælikvarðanna enda falla þeir vel að annarri sambærilegri vinnu innan

stofnunarinnar, eins og félagsvísam og mælingum um eftirfylgni heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Forsætisráðuneytið mótar, í samstarfi við önnur ráðuneyti, afstöðu til þess með hvaða hætti stjórnvöld nýta sér mælikvarðana þegar stefnur og áætlanir eru mótaðar og við samþættingu stefnumótunar þvert á stjórnkerfið. Þá er náið samstarf milli forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis um beitingu vísanna við stefnumótun ráðuneytanna í umfjöllun í fjármálaáætlun hvers árs og mat á árangri.

Frá árinu 2021 hafa öll ráðuneyti stuðst við velsæðaráherslur í sinni markmiðasetningu á yfir 30 málefnasviðum af 35 í fjármálaáætlun. Ríkisstjórnin hefur sett sex velsæðaráherslur í forgrunn sem hafa mismunandi skírskotun til málefnasviðanna. Þannig varða áherslur um andlegt heilbrigði, öryggi í húsnæðismálum og virkni í námi og starfi mörg málefnasvið á meðan þær sem fjalla um kolefnishlutlausu framtíð, grósku í nýsköpun og betri samskipti við almenning öll málefnasvið.

Til að tryggja utanumhald og skilvirka framkvæmd á þeim verkefnum sem felast í reglulegri miðlun og áframhaldandi þróun mælikvarðanna starfar samráðshópur forsætisráðuneytisins og Hagstofunnar. Verkefni hópsins er að tryggja að velsældarmælikvarðarnir séu uppfærðir reglulega og birtist tímanlega fyrir vinnu við gerð fjármálaáætlunar og nýtist þannig stjórnvöldum við stefnumótun þvert á stjórnkerfið.





Úttekt á reynslunni af starfi nefnda Seðlabanka Íslands

Forsætisráðherra skipaði í júní nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að gera úttekt á reynslunni af starfi nefnda Seðlabanka Íslands. Tryggvi Pálsson hagfræðingur var formaður nefndarinnar en auk hans sátu í nefndinni Þórhildur Hansdóttir Jetzek hagfræðingur og Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður.

Með nýjum lögum um Seðlabanka Íslands sem tóku gildi í ársbyrjun 2020. Með lögunum voru Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið sameinuð og auk þess gerðar breytingar á stjórnskipun seðlabanka og fjármálaeftirlits. Tvær nýjar nefndir voru settar á fót með lögunum; fjármála- stöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd. Fyrirkomulag peningastefnuneftirlits var nær óbreytt miðað við eldri lög um Seðlabankann.

Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu sinni í desember. Meðal helstu niðurstaða nefndarinnar var að rösklega hafi verið gengið til verks við sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins með góðum árangri. Þannig hafi samvinna milli sviða aukist og starf fasta- nefndanna þriggja njóti góðs af samlegðaráhrifum. Þá hafi tilkoma fjármálastöðugleikanefndar skýrt til muna hvar ábyrgð liggji varðandi það verkefni að stuðla að fjármálastöðugleika.

Í skýrslunni bendir nefndin einnig á þætti sem bæta megi úr. Þannig þurfi að skilgreina betur hvaða verkefni fjármálaeftirlits þurfi að fela sérstakri nefnd og hvaða verkefni tilheyri hefðbundinni stjórnýslu innan Seðlabankans. Núverandi fyrirkomulag um viðtækt starfssvið fjármálaeftirlitsneftdar sé óraunhæft. Nefndin telur einnig að ljúka þurfi endurskoðun á opinberri stefnu um fjármálastöðugleika og skýra betur verkaskiptingu milli Seðlabankans og peningastefnu- nefndar annars vegar og fjármálastöðugleikanefndar og peninga- stefnuneftdar hins vegar.


Tekjusagan uppfærð

Vefurinn tekjusagan.is var uppfærður á árinu með gögnum frá 2019. Tekjusagan sýnir þróun ráðstöfunartekna, eigna og skulda landsmanna á aðgengilegan hátt. Á vefnum er mögulegt að skoða um 700 þúsund myndir, byggðar á upplýsingum um kyn, hjúskaparstöðu, aldur, barnafjölda, tekjutíund og fleiri þáttum.

Tekjusagan veitir aðgang að gagnagrunni um lífskjör landsmanna sem byggir á ópersónugreinanlegum upplýsingum úr skattframtölum allra einstaklinga á Íslandi frá árinu 1991. Hægt er að skoða þróun ráðstöfunartekna, eigna og skulda hjá mismunandi hópum auk heildartekna kynja eftir menntun, aldri, búsetu og hjúskaparstöðu.

Vefurinn var unninn í samráði við heildarsamtök á vinnumarkaði. Upplýsingatæknifyrirtækið Metadata og ráðgjafafyrirtækið Analytica unnu að gerð vefsins og Hagstofa Íslands veitti allar tölulegar upplýsingar.

Tekjusagan hefur einnig verið þýdd á ensku og er aðgengileg á icelandicincome.is





Vísinda- og tækniráð

Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækni- og þróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnis-hæfni atvinnulífsins. Vísinda- og tækniráð markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn og nær núgildandi stefna til árána 2020-2022. Hún felur í sér 10 aðgerðir um árangur í rannsóknum og nýsköpun og á sviði samfélagslegra áskorana.

Forsætisráðherra er formaður ráðsins en þar sitja einnig fjármála- og efnahagsráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Forsætisráðherra skipar tvo fulltrúa í ráðið án tilnefningar auk þess sem 14 fulltrúar eru tilnefndir í ráðið af ráðuneytum, háskólum og aðilum vinnumarkaðarins.

Á árinu 2021 mótaðist starfsemi ráðsins af heimsfaraldri kórónuveiru og viðbrögðum við honum. Undanfarin ár hafa minnt áþreifanlega á gildi vísinda í glímunni við almannavá. Vísinda- og tækniráð leggur enda í stefnu sinni áherslu á að vísindi og nýsköpun gegni lykilhlutverki í viðspyrnunni eftir faraldurinn.

Í fjárfestingaráttaki stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru voru samkeppnissjóðir sem heyra undir málefnavið Vísinda- og tækniráðs eflað tímabundið um 1,6 milljarð króna. Í þeirri aðgerð fólst að auknu fjármagni var veitt í sjóðina með sérstöku átaksverkefni í þrjú ár. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið 2023-2027 er lögð til áframhaldandi hækkun framlaga í Rannsóknarsjóð og Tækniþróunarsjóð. Enn fremur verður áfram unnið að því að efla faglega ákvarðanatöku um markáætlanir og Innviðasjóð.

Frá því að lög um Vísinda- og tækniráð voru samþykkt árið 2003 hafa miklar breytingar orðið á málaflokki vísinda, tækni og nýsköpunar og fram hafa komið ábendingar um að breytinga sé þörf. Á árinu 2021 var unnið að endurskoðun lagaumhverfis Vísinda- og tækniráðs og byggist sú vinna á skýrslu verkefnishóps um endurskoðun lagaumhverfis ráðsins sem skilað var til forsætisráðherra í ágúst 2020.

Gervigreindarstefna

Stefna Íslands um gervigreind var gefin út í lok apríl þegar nefnd forsætisráðherra skilaði tillögum sínum. Verkefnið var hluti af aðgerðaráætlun fyrir Ísland í fjórðu iðnbyltingunni.

Nefndinni var falið að móta skýra framtíðarsýn um hvernig íslenskt samfélag geti unnið með gervigreind öllum til hagsbóta. Henni var ætlað að svara eftirfarandi spurningum:


- **Hver eru réttindi Íslendinga gagnvart nýrri tækni?**
- **Hvert á hlutverk gervigreindar að vera í íslensku samfélagi?**
- **Hvaða gildi á íslenskt samfélag að hafa að leiðarljósi við innleiðingu nýrrar tækni?**
- **Á hvaða vettvangi mun Ísland ræða og leysa álitamál sem koma upp er varða innleiðingu eða notkun nýrrar tækni?**

Grunnstoðir stefnu Íslands um gervigreind eru þrjár:

Í fyrsta lagi þarf gervigreind að vera í allra þágu: Settar eru fram tillögur að þeim gildum sem Ísland ætti að byggja þróun, innleiðingu og notkun tækni gervigreindar á og lögð til umgjörð um hvernig megi meta siðferðisleg álitamál sem óhjákvæmilega munu koma upp.

Í öðru lagi þarf atvinnulíf að vera samkeppnishæft: Fjallað er um mögulegar aðgerðir og áherslur hins opinbera sem stutt geta við stafræn umskipti atvinnulífsins með áherslu á stafræna færni, uppbyggingu þekkingar, tækniyfirfærslu og hvatakerfi.

Í þriðja lagi þarf menntun að vera í takt við tímann: Bent er á þau atriði sem mikilvægust eru til að tryggja að menntakerfi styðji við uppbyggilega og siðferðislega þróun við innleiðingu og notkun gervigreindar á komandi árum og áratugum. Áhersla er á læsi og gagnrýna hugsun, uppbyggingu sérhæfingar, fjölgun tæknimenntaðra og möguleika í notkun gervigreindar til kennslu.





Upplýsinga- og stjórnsýslumál

Eftirfylgni aðgerða í stjórnarsáttmála

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs sem mynduð var í lok nóvember 2017 voru skilgreindar 189 aðgerðir. Á kjörtímabilinu var fylgst með framgangi aðgerðanna og stöðuskýrslur birtar. Síðasta

stöðuskýrslan var kynnt í ágúst en þá taldist 138 aðgerðum lokið, eða um 73%. Um fjórðungur aðgerða taldist vera vel á veg kominn og vinna við fimm aðgerðir taldist hafin.

Hlutfall aðgerða sem taldist lokið





Þjóðlendum

Í lögum um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er m.a. fjallað um hvernig staðið skuli að umsýslu með þjóðlendum. Falla þar undir leyfisveitingar vegna nýtingar lands og landsréttinda innan þjóðlendna, meðferð þess fjár sem fellur til og tengist þeirri nýtingu og samþykki fyrir þeirri nýtingu lands og landsréttinda sem háð er leyfisveitingu sveitarfélaga innan þjóðlendna.

Helstu erindi á árinu 2021 voru umsagnir um skipulagstillögur, leyfi til framkvæmda innan þjóðlendna, erindi tengd stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá, afmörkun lóða undir skála og erindi tengd þeim ásamt öðrum erindum tengdum þjóðlendum. Umsögnum um skipulagstillögur fjölgar á milli ára en þær voru 29 talsins árið 2020 en 37 á síðasta ári enda hefur ráðuneytið síðastliðin ár lagt áherslu á að vera sýnilegt á því sviði.

214 erindi bárust á síðasta ári tengd þjóðlendum. Helst voru það erindi vegna:

- Afmörkun lóða undir skála og erindi tengd þeim voru 15
- Leyfi til framkvæmda innan þjóðlendna voru 17
- Umsagnir um skipulagstillögur voru 37
- Beiðnir um aðgang að upplýsingum um þjóðlendulínur voru 10

- Erindi tengd umsóknum um stofnun þjóðlendna í fasteignaskrá voru 76
- Þjóðgarðar, önnur friðlýst svæði og erindi tengd þeim voru 10
- Þinglýsingar og erindi tengd þeim voru 3
- Gerð lóðarleigusamninga innan þjóðlendna og erindi tengd gerð lóðarleigusamninga voru 6
- Grunnksamkomulag að lóðum og drög að þeim voru 5

Þjóðaröryggisráð

Þjóðaröryggisráð starfar samkvæmt sérstökum lögum og er samráðsvettvangur um þjóðaröryggismál auk þess sem það hefur með höndum margvísleg lögbundin verkefni.

Forsætisráðherra er formaður þjóðaröryggisráðs og veitir forsætisráðuneytið ráðinu nauðsynlega starfsaðstöðu og aðstoð við störf þess. Forsætisráðherra tilnefnir ritara þjóðaröryggisráðs og hefur hann starfsaðstöðu í forsætisráðuneytinu. Forsætisráðuneytið gerir ráðningarsamning við ritara ráðsins og starfar ritari frá degi til dags að verkefnum sem tengjast lögbundnum verkefnum þjóðaröryggisráðs undir stjórn forsætisráðherra, sem og ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis.

Samráðsvettvangur

Þjóðaröryggisráðs hélt fimm reglulega fundi á árinu 2021 þar sem fjallað var um helstu málefni er varða þjóðaröryggi.

Eftirlit með framkvæmd þjóðaröryggisstefnunar

Þjóðaröryggisráð hefur lögbundið eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis.

Í september 2021 gaf þjóðaröryggisráð út skýrslu um framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland sem byggir á greinargerðum ráðuneyta, um framkvæmd stefnunnar á tímabilinu 2019-2020 á þeim málefnasviðum sem þau bera ábyrgð á. Gerð er grein fyrir starfi íslenskra stjórnvalda innanlands og í samstarfi við önnur ríki, sem miðar að því að vinna að framgangi markmiðs þjóðaröryggis-

stefnunnar og þeirra áherslna sem kveðið er á um í stefnunni. Framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar á undanförunum tveimur árum endurspeglar mikilvægt samráð og samstarf þeirra aðila innan stjórnkerfisins sem bera ábyrgð á þeim fjölmörgu sviðum sem þjóðaröryggisstefnan tekur til.

Mat á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum

Í samræmi við lög um þjóðaröryggisráð leggur ráðið mat á stand og horfur í þjóðaröryggismálum.

Á árinu 2021 gaf ráðið út skýrslu um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum. Undirbúningur að mati þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum sem tekur til flestra málefnasviða sem tengjast þjóðaröryggisstefnunni hefur staðið yfir frá árinu 2018 og var undirbúið í víðtæku samráði innan stjórnkerfisins. Matið endurspeglar þá breiðu sýn á þjóðaröryggi sem kemur fram í þjóðaröryggisstefnunni. Þjóðaröryggisstefnan byggist á víðtækri skilgreiningu öryggishugtaksins og með henni er litið til fleiri hnattrænna, samfélagslegra og mannlegra þátta, hvort sem um er að ræða innri eða ytri ógnir af mannavöldum eða vegna náttúruhamfara.

Skýrslan skiptist í níu meginkafla auk inngangs. Fjallað er um helstu áhættuþætti, þeir skilgreindir og ábendingum um umbætur komið á framfæri. Þeir áhættuþættir sem hér er fjallað um og taka mið af skýrslum annarra ríkja eru: farsóttir, loftslagsbreytingar, náttúruvá, skipulögð glæpastarfsemi, netglæpir, peningabætti, hryðjuverk, hernaðarlegir þættir, fjölþáttaógnir og varnarmannvirki. Í níunda





kafla er fjallað um tiltekna mikilvæga innviði og getu til þess að takast á við helstu áhættuþætti. Sjónum er sérstaklega beint að fjármála- og efnahagsöryggi, öryggi stjórnkerfis, öryggi landamæra og landhelgi, löggæslu, neyðar- og viðbragðsþjónustu, samgöngum, orkukerfi, fjarskiptum, netöryggi og matvæla- og fæðuöryggi.

Samráð við almannavarna- og öryggismálaráð

Lög um Þjóðaröryggisráð kveða á um að Þjóðaröryggisráð skuli eiga samráð við almannavarna- og öryggismálaráð um mál eða atburði sem kunna að snerta verksvið síðarnefnda ráðsins samkvæmt lögum um almannavarnir, nr. 82/2008. Hlutverk almannavarna- og öryggismálaráðs samkvæmt lögum um almannavarnir er að marka stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum til þriggja ára, sbr. 3. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir.

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum er hluti af Þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Umsýsla vegna almannavarna- og öryggismálaráðs er í höndum dómsmálaráðherra og vann dómsmálaráðuneytis að undirbúningi nýrrar stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum sem kom út í mars 2021. Fjallað var um undirbúning stefnunnar á fundum Þjóðaröryggisráðs og var ritara Þjóðaröryggisráðs falið að fylgjast með undirbúningi stefnunnar. Forsætisráðherra er bæði formaður almannavarna- og öryggismálaráðs og Þjóðaröryggisráðs.

Upplýsingalög og lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum

Framkvæmd upplýsingalaga

Í ársbyrjun 2021 tók gildi ákvæði upplýsingalaga um að ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skuli birta upplýsingar úr málaskráum sínum með rafrænum hætti. Upplýsingar um málsnúmer og málsheiti úr málaskráum ráðuneyta eru nú birtar mánaðarlega á vef Stjórnarráðsins. Er þessi opinbera birting á málalistum liður í vinnu stjórnvalda við að auka upplýsingafrelsi og gagnsæi í stjórnsýslunni.

Í málaskrá ráðgjafa um upplýsingarétt almennings voru stofnuð 74 mál árið 2021 en þau voru 95 árið 2020. Flest málin tengdust beiðnum opinberra aðila um ráðgjöf vegna meðferðar beiðni um aðgangi að gögnum. Ráðgjafinn hefur starfsaðstöðu í forsætisráðuneytinu en er óháður fyrir mælum frá ráðherra og öðrum í ráðgjöf sinni.

Málsmeðferðartími úrskurðarnefndar um upplýsingamál hélt áfram að styttest og var að meðaltali 131 dagur á árinu 2021 samanborið við 142 daga árið 2020, 222 daga árið 2019 og 212 daga árið 2018.

Lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands

Lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands tóku gildi 1. janúar 2021. Samkvæmt lögnum er ráðherrum, ráðuneytisstjórum, aðstoðarmönnum ráðherra, skrifstofustjórum og sendiherrum skylt að tilkynna um tiltekna hagsmuni sína, skuldir og ábyrgðir.

Upplýsingar um hagsmuni ráðherra, ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna ráðherra eru birtar á vef Stjórnarráðsins.

Í lögnum er einnig fjallað um hagsmunaverði og samskipti þeirra við stjórnvöld. Hagsmunavörðum sem leitast við að hafa áhrif á störf stjórnvalda fyrir einkaaðila er skylt að tilkynna um sig og hlutverk sitt. Skrá yfir hagsmunaverði er birt á vef Stjórnarráðsins en í árslok höfðu 23 lögaðilar og félagasamtök tilkynnt um þá einstaklinga sem sinna hagsmunagæslu í umboði þeirra.



Stofnanir

Embætti ríkislögmanns

Embætti ríkislögmanns starfar á grundvelli laga nr. 51/1985. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardómum en einnig að annast sókn þeirra mála

sem ríkið höfðar á hendur öðrum. Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bóta krafna sem beint er að ríkinu og auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

850

Nýskráð
mál 2021

323

Dómsmál

334

Bótakröfur

137

Trygginga-
bætur

39

Erindi

17

Önnur mál





Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra. Hún er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfraðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni.

Hagstofan skiptist í fimm svið: stjórnsýslu og samstarf, efnahagssvið, félagsmálasvið, fyrirtækjasvið og rekstrarsvið. Auk þess er rannsókn- og spádeild sem er sjálfstæð eining og aðskilin hagskýrslustarfseminni. Lykiláherslur í stefnu Hagstofunnar 2020-2025 eru þrjár; aðgengilegar upplýsingar og þekking, samræmd högun upplýsinga og ferla og þekkingarmiðað starfsumhverfi.

Á síðasta ári jókst útgefið efni Hagstofunnar um 10% frá fyrra ári og tóku um 10% landsmanna, 16 ára og eldri, þátt í úrtaksrannsóknnum stofnunarinnar. Á árinu var samþykkt ný tæknistefna Hagstofunnar en markmiðið er að tækniumhverfi styðji betur við starfsemina og að bæta þjónustu við notendur. Þá samþykkti framkvæmdastjórn nýja umhverfis- og loftslagsstefnu fyrir Hagstofuna með það að markmiði að minnka kolefnisspor af starfseminni um helming.

Jafnréttisstofa


Jafnréttisstofa annast stjórnýslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um stjórnýslu jafnréttismála, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Helstu verkefni stofnunarinnar snúa að eftirliti, fræðslu, ráðgjöf, forvörnum og vinnu gegn hefðbundnum staðalímyndum.

Ný jafnréttislög tóku gildi í ársbyrjun 2021 en um er að ræða lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lög um stjórnýslu jafnréttismála. Með lögunum er eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu með jafnlaunavottun aukið. Nú býðst fyrirtækjum með 25-49 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli jafnlaunastaðfesting sem valkostur sem felur í sér umtalsverðar breytingar á áherslum í starfi Jafnréttisstofu. Þjónustugátt var opnuð til þess að geta þjónustað viðskiptavinum sem best og til að tryggja örugga móttöku gagna vegna jafnlaunavottunar og jafnlaunastaðfestingar.

Á árinu 2021 hófst innköllun jafnréttisáætlana hjá fyrirtækjum með 50-89 starfsmenn og náði hún til 212 fyrirtækja. Í ferlinu fækkaði þeim í 190 en í lok árs höfðu 87% þeirra skilað fullgildri jafnréttisáætlun.

Í árslok 2021 var fjöldi starfsfólks hjá Jafnréttisstofu tíu, sjö konur og þrír karlar. Stofnunin fékk nafnbótina Stofnun ársins 2021 í flokki stofnana með færra starfsfólk en 40.





Óbyggðanefnd

Óbyggðanefnd er sjálfstæð stjórnábyggðanefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 58/1998 og hefur það hlutverk að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og loks að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Eftir uppkvaðningu úrskurða á svæði 10C, hinn 22. desember 2020 hefur óbyggðanefnd lokið umfjöllun um 14 af 17 svæðum og 91% af flatarmáli meginlandsins alls (svæði 1–10A og 10C), þar af tæplega 99% af miðhálandinu eins og það var skilgreint í svæðisskipulagi miðhálandisins. Niðurstaðan er að 40,6% lands sem nefndin hefur lokið meðferð á teljast til þjóðlendna en 59,4% eru eignarlönd, að teknu tilliti til endanlegra niðurstaðna dómstóla. Af þeim hluta miðhálandisins sem nefndin hefur lokið meðferð á eru tæplega 86% þjóðlendur en rúmlega 14% eignarlönd.

Meginverkefni óbyggðanefndar árið 2021 sneri að svæði 10B, Ísafjarðarsýslum, en kröfugerð ríkisins þar, sem barst nefndinni hinn 16. september 2020, er mun umfangsmeiri en á næstu svæðum á undan og málsmeðferð því seinlegri. Frestur gagnaðila ríkisins til að lýsa kröfum á svæðinu rann út þann 22. mars 2021 en 123 kröfulýsingar bárust innan frestsins, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis, og athugasemdir vegna einnar jarðar í viðbót. Síðar bárust 25 kröfulýsingar í viðbót og því urðu þær 148 á árinu. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga ber óbyggðanefnd að gefa landeigendum, sem kunna að telja til eignarréttinda á þeim svæðum sem þjóðlendukröfur ríkisins taka til, kost á að gerast aðilar máls og lýsa kröfum fyrir nefndinni. Því tekur nefndin við kröfulýsingum sem borist hafa eftir

lok formlegs kröfulýsingarfrests og hefur frumkvæði að því að vekja athygli landeigenda sérstaklega á kröfum ríkisins þegar tilefni þykir til. Vettvangsferðir um svæðið voru farnar í ágúst og gagnaöflun stóð yfir allt árið.

Þá var svæði 11, Austfirðir, tekið til meðferðar í apríl 2021, og fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 8. október 2021 til að lýsa kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur þar. Fresturinn var síðan framlengdur nokkrum sinnum, síðast til 25. janúar 2022 og kröfur ríkisins bárust þann dag.

Umboðsmaður barna

Megínhlutverk umboðsmanns barna er að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Hlutverk umboðsmanns barna er skilgreint í lögum nr. 83/1994 um embættið.

Honum er ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna almennt, jafnt á opinberum vettvangi sem og hjá einkaaðilum, vinna að því að tekið sé tillit til hagsmuna barna við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu, að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna en með hliðsjón af hinu almenna hlutverki sínu, þ.e. að tryggja bættan hag barna almennt. Þá er umboðsmanni barna ætlað að koma með tillögur til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda sem varða börn sérstaklega og stuðla að því að virtir séu þeir þjóðréttarsamningar

sem snerta réttindi og velferð barna og Ísland er aðili að. Umboðsmaður barna er Salvör Nordal en hún var skipuð í júlí 2017 til fimm ára.

Til stóð að halda barnaþing á haustmánuðum ársins 2021 en vegna heimsfaraldurs og samkomutakmarkana var því frestað til vors 2022. Fyrsta barnaþingið var haldið 2019 en samkvæmt lögum um umboðsmann barna skal boða til þings um málefni barna annað hvert ár. Þangað skal boða fjölbreyttan hóp barna auk alþingismanna, fulltrúa stofnana, sveitarfélaga, vinnumarkaðarins og frjálsra félagsamtaka sem koma að málefnum barna. Niðurstöður og ályktanir barnaþings eru kynntar fyrir ríkisstjórn.



Erindi til umboðsmanns barna 2021:



Erindi alls



Skrifleg



Munnleg



Erindi frá börnum



Seðlabanki Íslands

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Bankinn starfar skv. lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. Markmið Seðlabankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Í yfirstjórn Seðlabankans eru seðlabankastjóri og þrjár varaseðlabankastjórar og leiða þeir hver um sig málefni peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits. Seðlabankastjóri er Ásgeir Jónson, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits er Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu er Rannveig Sigurðardóttir og Gunnar Jakobsson er varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika.

Fastanefndir Seðlabankans eru þrjár; peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd. Í júní var skipuð nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að gera úttekt á reynslunni af starfi nefnda Seðlabankans frá því að ný lög um bankann tóku gildi í ársbyrjun 2020. Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu sinni í desember en þar kemur fram góður árangur hafi náðst með sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Í skýrslunni segir einnig að samvinna milli sviða bankans hafi aukist og njóti fastanefndir bankans góðs af samlegðaráhrifum. Tilkoma fjármálastöðugleikanefndar hafi skýrt til muna hvar ábyrgð liggur varðandi það verkefni að stuðla að fjármálastöðugleika.

Í skýrslunni er einnig bent á atriði sem betur megí fara. Þannig þurfi að skilgreina betur hvaða verkefni fjármálaeftirlits þurfi að fela sérstakri nefnd og hvað verkefni tilheyri hefðbundinni stjórnýslu innan Seðlabankans. Þá bendir nefndin á að ljúka þurfi endurskoðun á opinberri stefnu um fjármálastöðugleika og skýra betur verkskiptingu milli Seðlabankans og peningastefnunefndar annars vegar og fjármálastöðugleikanefndar og peningastefnunefndar hins vegar.

Úrskurðanefnd um upplýsingamál

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er starfrækt á grundvelli upplýsingalaga, nr. 140/2012, og er ætlað að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum.

Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnsýslunefnd sem skipuð er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga.

Nefndinni bárust 213 kærur á árinu 2021 og lauk hún úrskurðum í 91 kærumáli.

Málsmeðferðartími nefndarinnar var að meðaltali 131 dagur frá kæru til úrskurðar en var 142 dagar árið 2020 og 222 dagar árið 2019.

Forsætisráðherra lagði í maí 2022 fram skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga árið 2021 þar sem fjallað er nánar um starfsemi nefndarinnar og meðferð kærumála.





Kærunefnd jafnréttismála

Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem telja að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði hafi verið brotin gagnvart sér geta í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sinna, eftir því sem við á, leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála, sbr. lög nr. 151/2020 um stjórnýslu jafnréttismála. Þá getur Jafnréttisstofa óskað eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar.


Á árinu 2021 bárust kærunefndinni tuttugu mál. Níu málanna vorðuðu ráðningu í starf og eitt mál varðaði skipun í nefnd. Fimm málanna vorðuðu uppsögn úr starfi og eitt um kynbundna og kynferðislega áreitni og áreitni vegna trúarskoðana í starfi. Fjórar kærur bárust vegna brota á lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, fimm kærur á grundvelli bæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði en aðrar vorðuðu lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Tveimur málum var vísað frá þar sem kærufrestur var liðinn og í einu máli var kæra afturkölluð. Í níu málum úrskurðaði nefndin að ekki væri um brot að ræða. Í fjórum málum var um brot að ræða en fjögur mál bíða úrskurðar.

Rekstur og fjárfestingar

Rekstrargjöld og fjárfestingar

Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrargjöld og fjárfestingar



Á árinu 2021 heyrði málefnasvið 3 Æðsta stjórnýsla undir forsætisráðherra. Þá átti ráðherra einnig eftirfarandi hlutdeild í öðrum málefnasviðum:

- 2 Dómsstólar, sbr. launalið hæstaréttardómara í málaflokki 2.1
- 6 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. Hagstofu Íslands í málaflokki 6.1
- 9 Almanna- og réttaröryggi, sbr. óbyggðanefnd og embætti ríkislögmanns í málaflokki 9.3
- 29 Fjölskyldumál, sbr. umboðsmann barna í málaflokki 29.4
- 32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála, sbr. Jafnréttisstofu og Jafnréttis-sjóð Íslands í málaflokki 32.2

Yfirlit árslokastöðu árið 2021


Forsætisráðuneytið ásamt Hagstofu Íslands, óbyggðanefnd, umboðsmanni barna nýta uppsafnaðar fjárheimildir til að mæta kostnaði ársins, en ríkislögmaður stefnir að mæta uppsöfnuðum halla með fjárveitingum ársins 2022.

Embætti forseta Íslands gerir ráð fyrir að nýta ónýttar uppsafnaðar fjárheimildir til að mæta kostnaði ársins.

Eðli ríkisaðilanna Hæstaréttar og ríkisstjórnar er með þeim hætti að jákvæð eða neikvæð árslokastaða er felld niður við gerð ríkissreiknings.

Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila og fjárlagaliða

Frávik ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok í m.kr.




Fjárhæðir í milljónum króna

Uppsöfnuð frávík ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok

Forsætisráðuneytið og nær allar stofnanir þess eru með jákvætt uppsafnað eigið fé í árslok, áætlanir ríkislögmans gera ráð fyrir að jafna uppsafnaðan halla með fjárheimildum ársins 2022.

Eðli ríkisaðilana Hæstiréttar og ríkisstjórnar eru með þeim hætti að árslokastaða er felld niður við gerð ríkisreiknings.

Yfirlit yfir árslokastöður ríkisaðila og fjárlagaliða
Uppsöfnuð frávík ríkisaðila frá fjárheimildum í árslok í m.kr.



Fjárhæðir í milljónum króna

Fjárfesting málaflokka 2021

| Málaflokkar - fjárfesting | Ráðstafað á árinu | Til ráðstöfunar á árinu | Ónýtt heimild frá fyrra ári | Óráðstafað í árslok |
|--|-------------------|-------------------------|-----------------------------|---------------------|
| 0310 Embætti forseta Íslands | -16,4 | 21,3 | 38,7 | 43,6 |
| 0330 Forsætisráðuneyti | -117,5 | 467,5 | 489,0 | 839,0 |
| 0610 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | -19,0 | 20,5 | -4,2 | -2,8 |
| 0930 Ákærvald og réttaröryggi | -0,1 | 1,4 | 2,0 | 3,3 |
| 2940 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | -0,7 | 1,0 | 1,5 | 1,8 |
| 3220 Jafnréttismál | -1,0 | 0,8 | 0,6 | 0,4 |
| Samtals | -154,7 | 512,5 | 527,6 | 885,3 |

Fjárhæðir í milljónum króna

Frávik í málaflokki 3.1 Embætti forseta Íslands er 43,6 millj.kr. framkvæmdum vegna endurbóta á húsnæði embættisins að Staðarstað hefur ekki en verið lokið.

Frávik í málaflokki 3.3 Forsætisráðuneytið skýrist af væntanlegri viðbyggingu fyrir ráðuneytið. Ónýtt fjárheimild verður að fullu nýtt þegar framkvæmdir hefjast.

Málaflokkur 6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál hefur að hluta nýtt fjárheimildir ársins til að jafna frávik fyrra árs.

Málaflokkur 9.3 Ákærvald og réttaröryggi gerir ráð fyrir að nýta ónýttar fjárfestingarheimildir sínar á komandi ári.

Aðrir málaflokkar eru með óveruleg frávik á fjárfestingarheimildum ársins.



Rekstur málaflokka 2021

Í töflunni má sjá þá málaflokka sem forsætisráðherra ber ábyrgð á, ásamt hlutdeild ráðherra í þeim málaflokkum sem fleiri ráðherrar deila ábyrgðinni. Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í millj. kr. að frádregnum rekstrartekjum, ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

| Málefna svið | Raun | Áætlun ársins | Frávik innan ársins | Frávik % | Flutt frá fyrra ári | Uppsafnað frávik | Uppsafnað frávik % |
|---|----------------|----------------|---------------------|--------------|---------------------|------------------|--------------------|
| 02 Dómstólar | 217,2 | 226,0 | 8,8 | 3,9% | 0,0 | 8,8 | 3,9% |
| 0210 - Hæstiréttur | 217,2 | 226,0 | 8,8 | 3,9% | 0,0 | 8,8 | 3,9% |
| 03 Æðsta stjórnarsýsla | 2.509,1 | 2.489,0 | -20,1 | -0,8% | 123,6 | 103,5 | 4,2% |
| 0310 - Embætti forseta Íslands | 340,6 | 325,3 | -15,3 | -4,7% | 21,9 | 6,6 | 2,0% |
| 0320 - Ríkisstjórn | 764,3 | 687,1 | -77,2 | -11,2% | 0,0 | -77,2 | -11,2% |
| 0330 - Forsætisráðuneyti | 1.404,2 | 1.476,6 | 72,3 | 4,9% | 101,7 | 174,1 | 11,8% |
| 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 1.595,0 | 1.587,1 | -7,9 | -0,5% | 146,5 | 138,6 | 8,7% |
| 0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | 1.595,0 | 1.587,1 | -7,9 | -0,5% | 146,5 | 138,6 | 8,7% |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | 388,0 | 369,4 | -18,6 | -5,0% | -0,2 | -18,8 | -5,1% |
| 0930 - Ákærvald og réttarvarsla | 388,0 | 369,4 | -18,6 | -5,0% | -0,2 | -18,8 | -5,1% |
| 29 Fjölskyldumál | 81,3 | 78,5 | -2,8 | -3,6% | 4,0 | 1,2 | 1,5% |
| 2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | 81,3 | 78,5 | -2,8 | -3,6% | 4,0 | 1,2 | 1,5% |
| 32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála | 327,0 | 329,8 | 2,8 | 0,8% | 28,8 | 31,6 | 9,6% |
| 3220 - Jafnréttismál | 327,0 | 329,8 | 2,8 | 0,8% | 28,8 | 31,6 | 9,6% |
| Samtals | 5.117,6 | 5.079,8 | 37,8 | | 302,7 | 264,9 | |

Fjárhæðir í milljónum króna

Alls námu heildarútgjöld þeirra málaflokka sem forsætisráðuneytið ber áyrgð á 5.117,6 m.kr. árið 2021. Áætlun gerði ráð fyrir að heildarútgjöld á árinu 2021 yrðu 5.079,8 m.kr.

Frávik málaflokks 2.1 Hæstiréttur er 3,8% undir fjárheimildum ársins eða 8,8 m.kr. Í þennan málaflokk fellur launaliður hæstaréttardómara.

Frávik í málaflokki 3.1 Embætti forseta Íslands er 4,7% yfir fjárheimildum ársins eða 15,3 m.kr.

Málaflokkur 3.2 Ríkisstjórn Íslands er 11,2% yfir fjárheimildum ársins eða 77,2 m.kr. yfir fjárheimildum ársins og skýrist að öllu leyti vegna uppgjörs við ráðherra og aðstoðarmenn þeirra við ríkisstjórnarskipti í nóvember 2021.

Í málaflokkum 2.1 Hæstiréttur og 3.2 Ríkisstjórn eru frávik ekki flutt á milli ára samkvæmt væntanlegu frumvarpi til staðfestingar á ríkisreikningi fyrir árið 2021.

Frávik málaflokks 3.3 Forsætisráðuneyti voru óverulega undir áætlun ársins eða 4,9%.

Í málaflokki 9.3 Ákærvald og réttarvarsla, þar undir fellur rekstur ríkislögmans og óbyggðanefndar sem heyra undir forsætisráðuneytið, nam frávik ársins 18,6 millj. kr. umfram fjárheimildir, eða 5,0%, og var fjármagnað af ónýttum fjárheimildum fyrri ára eins og hægt var en til viðbótar eru fjárheimildir ársins 2022 nýttar.

Í málaflokki 29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn, þar undir fellur starfsemi umboðsmanns barna, var frávik ársins um 2,8 millj. kr. yfir fjárheimildum ársins, eða 3,6% af fjárheimildum ársins og er það fjármagnað af ónýttum fjárheimildum fyrri ára.

Í málaflokki 32.3 Jafnréttismál, en þar undir fellur starfsemi Jafnréttisstofu, Jafnréttissjóðs Íslands og málefni jafnréttismála á skrifstofu ráðuneytisins, var frávik frá áætlun 2,8 millj. kr. undir fjárheimildum ársins, eða 0,8%. Gert er ráð fyrir að ónýttar fjárheimildir flytjist milli ára.



Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Málefнасvið 3

Forsætisráðuneyti Málaflokkur 3.3

Markmið 1: Auka gagnsæi og gæði við undirbúning löggjafar og stefnumótunar.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2021 - 2025 fellur aðeins eitt markmið undir málefnasviðið 3 - Æðsta stjórnsvýsla: að auka gagnsæi og gæði við undirbúning löggjafar. Umrætt markmið hefur færst til dómismálaráðuneytis en fimm aðgerðir sem tengjast markmiðinu eru á ábyrgð forsætisráðuneytis.

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Nokkrar línur um stöðuna 2021 |
|---|------------|-------------------------|--|
| Birta upplýsingar úr málaskráum ráðuneytisins á vefnum. | 2021-2025 | FOR | ● Upplýsingar úr málaskráum ráðuneyta eru nú birtar á vefnum mánaðarlega. |
| Búa til og birta mælaborð um stöðu velsældarmælikvarða í samstarfi við Hagstofu Íslands. | 2021-2025 | FOR og Hagstofa Íslands | ● Upplýsingar úr málaskráum ráðuneyta eru nú birtar á vefnum mánaðarlega. |
| Efla, þróa og birta niðurstöður um stjórnun og samhæfingu innviða í tengslum við aðgerðaáætlun um uppbyggingu innviða til frekari undirbúnings stefnumótunar. | 2021-2025 | FOR | ● Önnur eftirfylgniskýrsla um stöðu verkefna í aðgerðaáætlun um uppbyggingu innviða kom út í febrúar 2022. Áætlað er að þriðja og síðasta skýrslan komi út í febrúar 2023. |
| Þróa og fylgja eftir aðgerðaáætlun um fjórðu iðnbyltinguna til samhæfingar stefnumótunar á milli ráðuneyta. | 2021-2025 | FOR | ● Verkið hefur tafist en gert er ráð fyrir því að góður gangur komist á það á árinu 2022. |
| Þróa og birta mælaborð um stöðu þjóðaröryggismælikvarða (þjóðaröryggisvísa). | 2021-2025 | FOR og Hagstofa Íslands | ● Vinna við þjóðaröryggisvísa er í gangi. |

● Ekkí hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Málefnasvið 6

Stöðumat markmiðs, þ.e. hvernig hefur verið unnið að markmiðinu og hvaða árangri hefur verið náð á kjörtímabilinu?

Markmiðum hefur verið náð á kjörtímabilinu. Fjöldi nýrra útgáfa mmeð tímanlegra efni og meira niðurbroti en áður. Með tilraunatölfræði jókst framboð á talnalegu efni vegna málefna sem eru brýn á hverjum tíma.

Markmið 2: Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku.*

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2019 | Viðmið 2021 | Staða 2021 |
|--|--|---|---|
| Fjöldi viðbótarbreyta og nýrra upplýsinga í hagskýrslum, ásamt aukinni sundurgreiningu í flokka eftir kyni, atvinnugreinum, starfsstéttum, menntun, vöru- og þjónustuflokkum eða eftir því sem við á í hverju tilviki. | Reglulegar útgáfur á starfandi samkvæmt skrá eftir atvinnugrein. Aukin þekja og upplýsingar um vægi í útgáfu meðallauna og launavísitölu. Upplýsingar um lífslíkur eftir menntun. | Framboð af tímanlegum upplýsingum um tekjur einstaklinga og launasummur eftir atvinnugrein. | Niðurbrot upplýsinga um tekjur einstaklinga og staðgreiðsluskyldar greiðslur aukið. Regluleg birting ráðstöfunartekna heimilisgeirans samkvæmt aðferðafræði þjóðhagsreikninga, á ársfjórðungsgrunni. Tölfræði um vinnumagn í ferðaþjónustu birt í fyrsta sinn. |
| Fjöldi nýrra hagskýrslna. | “Reglulegar útgáfur á hagtölum um laus störf hófust. Framboð á hagtölum um menningu aukið. Aukið framboð á talnaefni um húsnæðismál. Framleidd er reglulega ýmis ný tölfræði um ferðaþjónustu” | Auka framboð af tímanlegum upplýsingum um tekjur einstaklinga og launasummu atvinnugreina. Bæta upplýsingar um framboð og verð á atvinnuhúsnæði. Bæta upplýsingagjöf um avinnulífið með því að birta mælaborð fyrir atvinnugreinar, fyrsti áfangi verður mælaborð um iðnað. Framleiða og birta alla sex hluta umhverfisreikninga samkvæmt reglugerð EU 691/2011, það er síðasta hluta sem ólokið er um vörur og þjónustu til umhverfismála. Innsöfnun gagna, úrvinnsla og miðlun á niðurstöðum manntals 2021 í samræmi við reglugerð EU 763/2008, 777/2016, 2017/881 og 2017/543. Nýtt kerfi þjóðhagsreikninga sem uppfyllir reglugerð EB nr. 549/2013 í samræmi við viðauka XXI í EES-samningi 777/2016. | “Uppbygging nýs heildarkerfis þjóðhagsreikninga á grundvelli sérstakrar fjármögnunar er hafin. Verkefnið er hluti af fjárfestingaráttaki stjórnvalda. Þjálfun nýrra starfsmanna, kerfishönnun og tæknileg uppbygging er langt komin. Unnið er að þróun mælaborða atvinnugreina. Stefnt er að birtingu mælaborðs iðnaðar á haustmánuðum 2022. Framleiðsla umhverfisreikninga er á áætlun. Gerð manntals 2021 er á áætlun. Gagnahögun manntals lokið. Útgáfum fjölgaði um 76 á árinu og var aukningin 10,1% borið saman við árið á undan. Sé einungis horft til útgáfa á íslensku var aukningin 8,5%. Aukið hefur verið við framboð á tímanlegum upplýsingum í miklu niðurbroti um tekjur einstaklinga og staðgreiðsluskyldar greiðslur. Árlegar upplýsingar birtar um launakostnað eftir atvinnugreinum. Takið var upp samstarf við Þjóðskrá og HMS varðandi tölfræði um atvinnuhúsnæði hvað varðar framboð og verðþróun. Verkefnið er enn í þróun.” |

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2019 | Viðmið 2021 | Staða 2021 |
|---|---|---|---|
| <p>Aðgengi á vef Hagstofunnar metið á notendafundum og með gæðaúttektum um innleiðingu meginreglna Eurostat.</p> <p>Mat á aðgengi í könnuninni „Hvað er spurnið í opinbera vefi?“</p> | <p>Á árinu var gert átak í að koma upp reglubundnum fundum notendahópa. Fundað var með öllum notendahópum og leitast eftir að fá endurgjöf á hvað notendur væru ánægðir með og hvað þeir myndu vilja sjá úrbætur á. Þá gátu notendur veitt úrbótahugmyndum atkvæði og þannig sent skilaboð um hvaða forgangsröðun verkefna þeir myndu vilja sjá. Mjög góð mæting var á fundina og fram kom fjöldi úrbótahugmynda.</p> <p>Undirbúningur er hafinn fyrir næsta jafningjarýni Eurostat, sem er úttekt á stöðu innleiðingu á meginreglum Eurostat. Áætlað er að jafningjarýnin fari fram árið 2021.</p> | <p>Að taka saman og miðla tölfraði Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Bæta myndræna framsetningu og vefútgáfur fréttu. Endurbirta upplýsingar frá öðrum framleiðendum hagtalna.</p> | <p>Samkvæmt frétt á Ísland.is var mat á aðgengi í könnun - hvað er spurnið í opinbera vefi ekki gert árið 2021. Innleitt var nýtt grafgerðarforrit (Datawrapper) haustið 2021 og í desember birtust fyrstu gagnvirku myndritin í fréttatilkynningum á vef Hagstofunnar. Hugbúnaðurinn býður meðal annars upp á þann möguleika að birta myndrit úr útgáfum Hagstofunnar á öðrum vefsíðum (e. embed) og hafa fjölmiðlar þegar nýtt sér það með góðum árangri. Þetta er tvímælalaust stór áfangi í bættri framsendingu á útgefnu efni.</p> <p>Á árinu voru 58 vísar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna uppfærðir og 39 lýsigögn þeirra uppfærð</p> |

*Orðalagi markmiðs 2 hefur verið breytt en það var áður: Bætt gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtolum, m.a. með viðbótarbreytinum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.

**Nýr mælikvarði kom inn í fjármálaáætlun 2021 - 2025 og áðrir eldri mælikvarðar féllu niður. Til að sýna samfeldni í árangursmælingum er eldri mælikvörðum fyrir Hagstofuna haldið inni.

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Tímaáætlun | Framkvæmd á árinu 2021 |
|--|------------|--|
| Endurbætur á þjóðhagsreikningum til að svara þörf fyrir upplýsingar sem nýst geta við stefnumörkun og ákvarðanatöku. | 2021-2024 | ● Uppbygging nýs heildarkerfis þjóðhagsreikninga á grundvelli sérstakrar fjármögnunar er hafin. Verkefnið hluti af fjárfestingaráttaki stjórnvalda. Þjálfun nýrra starfsmanna, kerfishönnun og tæknileg uppbygging er langt komin. |
| Gerð manntals. | 2019-2024 | ● Árið 2021 var lögð áhersla á gagnahögun og ferlavinnu sem miðar að því að geta afmarkað þýði manntals sem skýrum hætti. Stefnt er að birtingu á fyrstu niðurstöðum manntals haustið 2022. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Málefnasvið 9

Ákærvald og réttarvarsla Málaflokkur 9.3

Stöðumat markmiðs, þ.e. hvernig hefur verið unnið að markmiðinu og hvaða árangri hefur verið náð á kjörtímabilinu?

Unnið hefur verið jafnt og þétt að því markmiði að störfum óbyggðanefndar ljúki árið 2024 en það byggist á verkáætlun sem gerð var samhliða því að fjárveitingar til nefndarinnar voru auknar að nýju árið 2018. Markmið sem þar voru sett um að árlega lyki málsmeðferð á einu svæði hefur að mestu staðist en vegna mikils umfangs mála á svæði 10B (Ísafjarðarsýslum) reyndist þó ekki unnt að kveða upp úrskurði árið 2021. Úrskurðað var um fjögur svæði á árunum 2018-2020 en um alllangt skeið þar á undan hafði málsmeðferð gengið mun hægar.

Markmið 3: Að fyrir liggi skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þar með talið eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2024.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Staða 2019 | Viðmið 2021 | Staða 2021 | Viðmið 2025 |
|--|------------------------|------------------------|------------------------|------------------------|
| Hlutfall landssvæða sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað um. | 12 af 17 svæðum lokið. | 15 af 17 svæðum lokið. | 14 af 17 svæðum lokið. | 17 af 17 svæðum lokið. |

Málefнасvið 29

Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn Málaflokkur 29.4

Stöðumat markmiðs, þ.e. hvernig hefur verið unnið að markmiðinu og hvaða árangri hefur verið náð á kjörtímabilinu?

Á árinu 2021 var ákveðið að hefja birtingu ganga um bið eftir þjónustu, en hópar barna í viðkvæmri stöðu eru í bið eftir nauðsynlegri þjónustu. Leitað var samstarfs við sjö opinberar stofnanir og undirbúið hvernig gögnum yrði miðlað á heimasíðu embættisins. Tölur birtar árið 2022 og verkefnið þróað áfram. Frásögnum var safnað frá börnum vegna samkomutakmarkana í Covid 19 og skýrsla unnin um stöðu barna. Þá var unnin skýrsla með niðurstöðum samráðs við börn vegna undirbúnings mælaborðs, en í því samráði var sérstaklega leitast eftir að ná til viðkvæmari hópa. Loks var settur á fót samráðshópur barna vegna undirbúnings og umræðu um barnaþing. Þar sem lögð var áhersla á sjónarmið barna úr viðkvæmum hópum.

Markmið 3: Að fyrir liggja skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þar með talið eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2024.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Staða 2019 | Viðmið 2021 | Staða 2021 | Viðmið 2025 |
|--|------------|-------------|------------|-------------|
| Greiningar umboðsmanns barna á stöðu viðkvæmra hópa í íslensku samfélagi með sérstakri áherslu á að frá fram sjónarmið barnanna sjálfra. | 0 | 4 | 4 | 12 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Nokkrar línur um framkvæmd 2021 |
|--|------------|---------------|------------------------------------|
| Endurbætur á þjóðhagsreikningum til að svara þörf fyrir upplýsingar sem nýst geta við stefnumörkun og ákvarðanatöku. | 2021-2024 | FOR | ● Framkvæmd að mestu eftir áætlun. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Málefнасvið 32

Jafnréttismál Málaflokkur 32.2

Stöðumat markmiðs, þ.e. hvernig hefur verið unnið að markmiðinu og hvaða árangri hefur verið náð á kjörtímabilinu?

Unnið hefur verið að því framfylgja lögum um jafnlaunavottun og hefur gangur verið nokkuð stöðugur í fjölda þeirra fyrirtækja sem farið hafa í jafnlaunavottun og fengið merki vottunar sem Jafnréttisstofa veitir. Með nýjum jafnréttislögum var skerpt á framkvæmd vottunar sem og staðfestingarleiðar sem minni fyrirtæki geta farið.

Markmið 1: Launajafnrétti verði náð – kynbundnum launamun verði útrýmt.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Staða 2019 | Viðmið 2021 | Staða 2021 | Viðmið 2025 |
|--|---------------------|-------------|---|-------------|
| Fjöldi opinberra stofnana, sjóða og fyrirtækja sem eru að hálfu eða í meirihlutaeigu ríkisins sem fá vottun. | 41 (Sveitarfélög) 7 | 127/ 56 | 117 / (sveitarfélög) 39 | 127/56 |
| Fjöldi fyrirtækja á markaði sem fá vottun. | 87 | 86 | 125 | 1061 |
| “*Minnka kynbundin (leiðréttum) launamun mældur er í launarrannsóknnum Hagstofu Íslands.” | 4,50% | | 4,1% *(það er ekki komin mæling fyrir 2021. Leiðréttur launamunur var 4,1% skv. könnun Hagstofunar fyrir árið 2020) https://hagstofa.is/utgafur/fret-tasafn/laun-og-tekjur/launamunur-karla-og-kvenna-dregst-saman/ | 2% |

Markmið 2: Sporna við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Staða 2019 | Viðmið 2021 | Staða 2021 | Viðmið 2025 |
|---|------------|-------------|---|-------------|
| Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi. | 5,8% | Lækki | 7,1% (tölur frá 2020, það er verið að vinna könnun fyrir 2021) | Lækki |
| Hlutfall þeirra sem orðið hafa fyrir kynferðisbroti | 2,5% | Lækki | 2,7% (tölur frá 2020, það er verið að vinna að könnun fyrir 2021) | Lækki |
| Flairi fórnarlömb ofbeldis í nánum samböndum tilkynni það til lögreglu. | 20% | 25% | 21% (tölur frá 2020, það er verið að vinna könnun fyrir 2021) | 35% |
| Flairi fórnarlömb kynferðisbrota hafa tilkynnt það til lögreglu. | 7,2% | 10% | 13,5% (tölur frá 2020, það er verið að vinna könnun fyrir 2021) | 20% |

Stöðumat markmiðs, þ.e. hvernig hefur verið unnið að markmiðinu og hvaða árangri hefur verið náð á kjörtímabilinu?

Unnið hefur verið markvisst að því að treysta lagaumgjörð hvað varðar réttindi hinsegin fólks. Sett voru lög um réttindi barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni þar sem bann er lagt við ónauðsynlegum skurðaðgerðum. Lögum var breytt þar sem miðað er við 15 ára aldur í stað 18 ára aldurs til að breyta opinberri kynskráningu. Ný jafnréttislög eru einnig mikilvæg réttarbót fyrir hinsegin fólk þar sem þau taka nú einnig til fólks með kynhlutlausu skráningu en ekki bara til karla og kvenna. Þessar lagabreytingar skila sér þó ekki til hækkunar á lista ILGAEurope.

Markmið 3: ****Réttindi hinsegin fólks verði tryggð**

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Staða 2019 | Viðmið 2021 | Staða 2021 | Viðmið 2025 |
|---|----------------|---|-----------------------------|---|
| “Lagaleg staða og réttindi hinsegin fólks á lista the European Region of the International Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex Association (ILGA-Europe).“ | 19. ILGAEurope | Eitt af efstu 10 sætunum á ILGA Europe. | 9. sæti á lista ILGA-Europe | Eitt af efstu 10 sætunum á lista ILGAEurope |

*Orðalagi markmiðs 2 hefur verið breytt en það var áður: *Bætt gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytinum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.*

**Nýr mælikvarði kom inn í fjármálaáætlun 2021 - 2025 og áðrir eldri mælikvarðar féllu niður. Til að sýna samfeldni í árangursmælingum er eldri mælikvörðum fyrir Hagstofuna haldið inni.

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Nokkrar línur um framkvæmd 2021 |
|--|------------|-------------------|--|
| Framkvæmd verkefna um jafnrétti á vinnumarkaði og launajafnrétti kynja, þ.m.t. verkefni um jafnlaunavottun innan tímamarka laga nr. 56/2017. | 2020-2023 | Forsætisráðuneyti | ● Innleiðingartímabili jafnlaunavottunar lýkur samkvæmt lögum í árslok 2022. Skipaður hefur verið aðgerðahópur um jafnrétti á vinnumarkaði sem vinnur að þróunarverkefnum með völdum stofnunar um mat á virði starfa. |
| Heildarendurskoðun laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. | 2021 | Forsætisráðuneyti | ● Heildarendurskoðun lauk á árinu 2021 |
| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Nokkrar línur um framkvæmd 2021 |
| Innleiðing áætlunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. | 2021-2022 | Forsætisráðuneyti | ● Búið er að setja upp mælaborði til að fylgjast með framfylgd aðgerða https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/forvarnir-gegn-kynferdislegu-ofbeldi/ |
| Jafnréttisstofa fylgir eftir tilteknum aðgerðum áætlunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. | 2021-2022 | Jafnréttisstofa | ● Komið upp mælaborði til að fylgjast með framfylgd aðgerða https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/forvarnir-gegn-kynferdislegu-ofbeldi/ |
| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Nokkrar línur um framkvæmd 2021 |
| Ljúka lagasetningu á grunni bráðabirgðaákvæða I og II í lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019. | 2021 | Forsætisráðuneyti | ● Aðgerð lauk á árinu 2021. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

